# FRÉTTABLAÐIÐ

196. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 24. ÁGÚST 2019




# Lítur grín alvarlegum augum

Hildur Birna Gunnarsdóttir hefur átt skrautlegt líf. Hún ólst upp á heimili fyrir óvirka alkóhólista, starfaði sem kaupfélagsstjóri og er vinsæll uppistandari. Hún fór í meðferð fyrir ári, tók lífið föstum tökum og er að kynnast sjálfri sér upp á nýtt. → 18

„Það var rosa sérstakt að alast upp í þessu en á sama tíma var það mikið ævintýri á hverjum degi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Tugþúsundir taka á rás

Reykjavíkurmaraþonið fer fram í 36. sinn. → 16





## Þekkir nú vítin til að varast

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri hefur mætt áskorunum. → 22



## Stórgóði Senegalinn

Gæðablóðið Sadio Mané slær í gegn innan vallar sem utan. → 26










## Veður




Norðan og norðvestan 5-10 í dag. Rigning með köflum um norðanvert landið, skýjað vestan til en bjartviðri suðaustanlands.

SJÁ SÍÐU 34

# Hrun úr Reynisfjalli



Verulega sér á Reynisfjalli eftir að stór skriða féll úr fjallinu síðastliðinn þriðjudag. Austasti hluti Reynisfjöru hefur verið lokaður síðan þá enda er hætta á frekara hruni enn fyrir hendi. Fylgst verður með svæðinu næstu daga og fræðsla aukin. MYND/HARALDUR DIEGO

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Enginn óútskýrður launamunur

**HAFNARFJÖRÐUR** Samkvæmt niðurstöðum viðhaldsúttektar á jafnlaunakerfi Hafnarfjarðarbæjar er óútskýrður launamunur ekki til staðar í bænum.

Sveitarfélagið fékk jafnlaunavottun fyrir tveimur árum en þá var frávik 4,8 prósent körlum í hag. Síðan þá hefur frávikið lækkað niður í tvö prósent, enn körlum í hag.

Viðhaldsvottun var gerð nú í ágúst af faggildum vottunaraðila og sýndu niðurstöður fram á að engan óútskýrðan launamun sé að finna í störfum sveitarfélagsins ásamt því að staðfesta að Hafnarfjarðarbær uppfylli enn þær kröfur sem lagðar eru fram um jafnlaunavottun sveitarfélaga.

Hafnarfjarðarbær var fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að fá jafnlaunavottun og jafnlaunamerkið frá velferðarráðuneytinu í ágúst 2017.

„Við höfum tekið jafnlaunavinnu okkar mjög alvarlega og afraksturinn hefur ekki látið á sér standa. Óútskýrður launamunur heyrir nú sögunni til og þróun í kynbundnum launamun í þessu langtímaverkefni mjög jákvæð á stuttum tíma. Árangurinn er afrakstur vinnu stjórnenda sveitarfélagsins og hefur verið einhugur innan hópsins um að ná þessu markmiði,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ. – bdj



Rósa Guðbjartsdóttir.



Bolur frá NRCC. MYND/SKJÁSKOT

## Nýta sér áhuga á Grænlandi

**BANDARÍKIN** Repúblikanar hugsa sér nú gott til glóðarinnar og hafa sett í sölu boli með ýmiss konar hönnun er tengist hugmynd Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að Bandaríkin kaupi Grænland.

NRCC, sem styður framboð flokksmanna í fulltrúadeildarkosningum, selur bol þar sem má sjá kort af Bandaríkjunum, já og Grænlandi, í fánalitunum. Bolurinn fæst fyrir að veita minnst 25 dala styrk. – þea

# Vilja fá myndavélar í afskekkt borgarhverfi

**Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hafa lagt fram tillögu um að eftirlitsmyndavélar verði settar upp í afskekktum hverfum og útjöðrum. Oddviti Pírata í borgarstjórn er mótfallinn og segir myndavélar skapa falskt öryggi.**

**REYKJAVÍK** Á fimmtudag lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um að eftirlitsmyndavélar yrðu settar upp í afskekktum hverfum og útjöðrum borgarinnar. Þegar hafa Garðabær, Seltjarnarnes, Árborg og fleiri sveitarfélög farið þessa leið til að reyna að stemma stigu við afbrotum. Eru slíkar myndavélar þá settar upp í samstarfi við lögreglu sem hefur aðgang að upptökunum.

Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi segir að tillagan hafi verið lögð fram eftir kynningarfund með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en gerir ráð fyrir að þetta verði tilraunaverkefni. „Íbúar í sumum hverfum hafa verið að kalla eftir eftirlitsmyndavélum. Í fyrra var þetta ein af þeim hugmyndum sem íbúar í Grafarvogi gáfu flest atkvæði í kosningu Betri Reykjavíkur,“ segir Marta. Annað hverfi sem Marta nefnir í þessu samhengi er Skerjafjörðurinn. „Íbúar þar hafa verið að skoða leiðir til að koma slíku kerfi upp sjálfir en rekist á veggi, meðal annars vegna persónuverndarsjónarmiða. Vitaskuld er það eðlilegra að þetta sé unnið í samstarfi við lögreglu og neyðarlínu líkt og annars staðar,“ segir hún.

Að sögn Mörtu hafa myndavélarnar gefið góða raun hingað til. „Bæði hafa myndavélar fælingarmátt og geta hjálpað til við að upplýsa afbrot. Þetta eru öryggistæki líkt og til dæmis hraðamyndavélar. Hugmyndin er ekki sú að fylgjast með borgarbúum,“ segir Marta.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík, segist mótfallin tillögunni, sem var frestað í borgarráði. „Notkun á eftirlitsmyndavélum skapar frekar ímynd öryggis en raunverulegt öryggi,“ segir Dóra og vísar í tölfræði erlendis, til dæmis í Lundúnum þar sem hlutfall myndavéla er ein á hverja tuttugu íbúa. „Þetta hefur einnig í för með sér að hinn almenni borgari fer að upplifa sig sem hugsanlegt skotmark þeirra sem vilja fylgja öllum reglum með stálhnefa á meðan raunverulegir glæpir færast út fyrir sjónarsvið myndavélanna.“

Telur hún ekki ríka ástæðu til þess að taka þessi tilteknu hverfi sérstaklega fyrir. Ef efla þurfi öryggi sé betri leið að stytta svartíma lögreglunnar. Í þeim tilvikum þar sem myndavélar eru verði að vera takmarkað aðgengi að upptökum. „Heilt á litið er ég ekki hrifin af því að skapa eftirlitssamfélag,“ segir Dóra. kristinnhaukur@frettabladid.is




Seltjarnarnes, Garðabær og Árborg eru meðal þeirra sveitarfélaga þar sem eftirlitsmyndavélar hafa verið settar upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Notkun á eftirlitsmyndavélum skapar frekar ímynd öryggis en raunverulegt öryggi.**
>
> Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Pírata








# Reynisfjall lætur á sjá eftir miklar skriður

Stór skriða féll úr Reynisfjalli síðastliðinn þriðjudag og stórsér á fjallinu. Enn er hætta á grjóthruni og austasti hlut Reynisfjöru því lokaður. Tveir ferðamenn slösuðust fyrr í vikunni en þó ekki alvarlega. Haraldur Diego flugmaður fór yfir svæðið og tók þessar myndir af þessum fjölsótta ferðamannastað.







HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu Húsasmiðjublaðið á husa.is

# HÚSASMIÐJU DÖGUM

Síðasta helgin!

## Lýkur um helgina

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

« 20% • 25% • 25% • 35% »

Allt að **50%** afsláttur

Allt að **30%** afsláttur
af **Nilfisk** háþrýstidælum

Flísamarkaður í Skútuvogi
**50%** afsláttur
af öllum eldri flísum

FLÍSA-MARKAÐUR Í SKÚTUVOGI 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI FLÍSUM

Allt að **50%** afsláttur
af pottaplöntum

**25%** afsláttur
af allri LADY málningu

**25%** afsláttur
af öllum PHILIPS ljósum
Gildir ekki af Philips Hue

PHILIPS

**25%** afsláttur
af öllu parketi

**25%** afsláttur
af öllum GASTROMAX búsáhöldum

## HAUSTPLÖNTURNAR Á TILBOÐI!

-28%
Erika/Calluna
3 stk:
**1.299 kr**
10327400

POTTAPLÖNTUÚTSALAN Í FULLUM GANGI

**TÖLUR VIKUNNAR** 18.08.2019 TIL 24.08.2019



# 100

þúsund áætlaðir gestir voru mættir í miðborgina þegar mest var á Hinsegin dögum.

# 98%

stöðugilda hafa nú verið fyllt í grunnskólum og 96 prósent í leikskólum í Reykjavík. Staðan í ráðningum er betri nú en í fyrra þrátt fyrir aukna starfsmannaþörf.





# 55

þúsund manns búa á Grænlandi. Donald Trump Bandaríkjaforseti lýsti yfir áhuga á að kaupa Grænland af Dönum.

# 443

milljarðar króna er markaðsvirði Marel í dag. Hlutabréfaverð félagsins hefur hækkað um liðlega 55 prósent frá áramótum.






# 43

starfsmönnum var sagt upp hjá Íslandspósti í vikunni. Alls mun stöðugildum hjá fyrirtækinu fækka um 80 á árinu eða um 12 prósent.

## Þrjú í fréttum
## Landris, kanslari og keyptur matur



**Angela Merkel**
*kanslari Þýskalands*
kom til landsins fyrr í vikunni til að sitja fund forsætisráðherra Norðurlandanna. Hún sagði að heimsókn til Íslands hefði lengi verið draumur. Merkel sagði að á Íslandi mætti sjá augljós merki um afleiðingar loftslagsbreytinga og að maðurinn þyrfti að bera virðingu fyrir náttúrunni.



**Hildur Björnsdóttir**
*borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins*
lagði til að ríkisreknum mötuneytum yrði lokað og í stað þess yrði hádegismatur keyptur af einkaaðilum úr nærumhverfi. Ráðhús Reykjavíkur gæti þar gengið á undan með góðu fordæmi. Tillaga Hildar kom í kjölfar fjölda frétta um rekstrarvanda veitingastaða í miðbænum.



**Páll Einarsson**
*prófessor emeritus í jarðeðlisfræði*
sagði Höfn í Hornafirði skínandi dæmi um áhrif loftslagsbreytinga og þau séu spurning um líf og dauða. Þar er landris um einn sentimetri á ári. Ef land rís mikið verður ófært að sigla inn í fjörðinn. Langmesta landrisið sé á Sprengisandi. Á suðvesturhorninu, sem sé langt frá öllum jöklum, sé landið hins vegar að síga.

# Ekki sjálfsagt að rekstrarhalli Landspítala verði strikaður út

**Formaður fjárlaganefndar segir Landspítala þurfa að bregðast við hallarekstri með hagræðingu. Ekki sé sjálfgefið að hallinn verði strikaður út. Nefndin fjallar um málið í næstu viku.**



Hallarekstur Landspítalans verður tekinn föstum tökum í fjárlaganefnd að sögn formannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FJÁRLÖG** Við blasir að Landspítalinn mun fara fram úr þeim fjárheimildum sem spítalanum voru veittar í síðustu fjárlögum. Formaður fjárlaganefndar segir ábyrgðina hjá forsvarsmönnum spítalans og telur það ekki sjálfgefið að hallinn verði strikaður út. Fara verði í hagræðingaraðgerðir til að mæta hallanum.

Unnið er að því innan spítalans að klára sex mánaða uppgjör fyrir þetta ár og er talið líklegt að þeirri vinnu verði lokið um miðja næstu viku. Fjárlaganefnd mun funda um málið á fyrsta fundi sínum. Miklar hagræðingaraðgerðir eru fyrirhugaðar innan spítalans með fækkun stjórnenda og og sameiningu deilda sem lið í að ná niður hallanum.

„Við höfum átt samskipti við bæði fjármála- og heilbrigðisráðuneytið og lítum það alltaf alvarlegum augum þegar farið er fram úr þeim heimildum sem stofnunum eru veittar í fjárlögum,“ segir Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar. „Við höfum ekki fengið sex mánaða uppgjörið formlega til okkar en höfum sett þetta mál á dagskrá á fyrsta fundi okkar þann 29. ágúst næstkomandi þegar þing kemur saman.“

Rekstur Landspítalans hefur oft á tíðum hin síðari ár verið erfiður og oft ekki náðst að halda rekstrinum innan þess ramma sem fjárveitingavaldið hefur sett stofnuninni. Heilbrigðismál voru eitt af stóru málunum í síðustu kosningum. Hins vegar er ekki hægt að finna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur að bæti eigi fé inn í rekstur Landspítalans.

„Við þurfum að kalla til nefndarinnar ráðuneyti og forstöðumenn spítalans til að fara gaumgæfilega yfir þetta mál. Þetta er hluti af okkar vinnu að veita aðhald og fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Það er ljóst að ábyrgðin á þessari framúrkeyrslu er í höndum stjórnenda spítalans,“ segir Willum. „Í kjölfar árshfjórðungsuppgjörs voru aðgerðir kynntar þar sem fyrir lá að spítalinn myndi fara fram úr fjárlögum ef ekkert yrði að gert. Nú þurfum við að setjast yfir það hvað hefur gengið upp og hvað ekki og hvernig brugðist verði við framúrkeyrslunni. Það er ekki sjálfgefið að hann verði strikaður út.“

**sveinn@frettabladid.is**

> **Það er ljóst að ábyrgðin á þessari framúrkeyrslu er í höndum stjórnenda spítalans.**



Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar





ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE




## Einfalt reikningsdæmi: 3+4 = 7 ára ábyrgð

Toyota á Íslandi býður sjö ára ábyrgð með öllum nýjum bílum. Frá stofnun hefur Toyota vandað sig við að rækta sambandið við viðskiptavini með öflugri þjónustu. Með sjö ára ábyrgð Toyota leggjum við grunninn að enn betra langtímasambandi.

**Kynntu þér 7 ára ábyrgð Toyota nánar á toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

# Sættir hafa ekki náðst í máli hjóna gegn FEB

**VIÐSKIPTI** Félag eldri borgara (FEB) hefur nýtt sér kauprétt sinn á íbúð hjóna sem ekki samþykktu sáttatilboð félagsins. Fyrirtaka var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í máli hjónanna gegn félaginu vegna íbúðarkaupa í Árskógum 1-3. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

FEB krafði kaupendur að íbúðum í Árskógum um að meðaltali sex milljóna króna hærra verð fyrir íbúðirnar en kveðið var á um í upprunalegum þinglýstum samningi. Þetta var gert vegna þess að framkvæmdin fór hátt í fjögur hundruð milljónir fram úr kostnaðaráætlun.

Þá hafa allir nema tveir af þeim 33 sem voru með afhendingardag á íbúð í lok júlí samþykkt að greiða hækkað verð, en einn á eftir að skrifa undir. FEB segir þá að báðir aðilar, sem félagið var í viðræðum við vegna innsetningarmála fyrir héraðsdómi, hafi fengið sams konar tilboð um sátt. Einn kaupandinn tók tilboðinu og dró mál sitt til baka en öldruð hjón, sem ætluðu að kaupa hina íbúðina, ekki. – ókp



Til stendur að fækka hæstaréttardómurum úr átta í sjö. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Markús og Viðar hætta

**DÓMSTÓLAR** Hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson hafa óskað eftir lausn frá embætti. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, settur dómsmálaráðherra, tilkynnti þetta á ríkisstjórnarfundi í gær.

Markús og Viðar Már munu láta af störfum þann 1. október næstkomandi en samhliða því verður dómurum við réttinn fækkað úr átta í sjö eins og staðið hefur til frá því að Landsréttur tók til starfa. Þannig verður ein staða hæstaréttardómara auglýst á næstunni.

Þeir Markús og Viðar Már hafa báðir náð 65 ára aldri sem er eftirlaunaaldur hæstaréttardómara. Helmingur starfandi dómara við réttinn hefur náð þeim aldri.

Markús hefur verið dómari við Hæstarétt frá 1994, lengst allra starfandi dómara. Hann var meðal annars forseti Hæstaréttar 2004 og 2005 og svo frá 2012 til 2016. Viðar var skipaður dómari við réttinn árið 2010 og var varaforseti hans 2012 til 2016. – ókp





**Námsorlof**
**kennara, námsráðgjafa og stjórnenda framhaldsskóla**
Umsóknarfrestur til **2. október**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2020-2021. Umsóknir þurfa að berast Rannís eigi síðar en **miðvikudaginn 2. október kl. 16:00.**

Um námsorlof geta sótt framhaldsskólakennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur framhaldsskóla. Einnig geta skólameistarar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

Sótt er um rafrænt í gegnum umsóknakerfi Rannís.
Eru umsækjendur jafnframt hvattir til að kynna sér vandlega reglur sjóðsins og algengar spurningar.

**Nánari upplýsingar gefur**
Skúli Leifsson, verkefnastjóri innlendra menntasjóða,
skuli.leifsson@rannis.is
sími 515 5843.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Guðrún Hafsteinsdóttir hafnar því alfarið að hafa brotið lög eða framið valdarán í stjórn LV. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Samkomulag í höfn um skipan í stjórn LV

**Sættir hafa náðst milli VR og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) og þeirra stjórnarmanna sem VR svipti umboði til stjórnarsetu í vor. Varaformaður stjórnar sjóðsins neitar því alfarið að hafa brotið lög eða framið valdarán.**

**VIÐSKIPTI** Nýir stjórnarmenn sem VR tilnefndi í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna (LV) 14. ágúst síðastliðinn munu taka sæti í stjórninni eftir samkomulag sem náðist í gær við fráfarandi stjórnarmenn. Þetta kemur fram í tilkynningu frá VR. Þar kemur einnig fram að dómsmál sem rekið hafi verið vegna tilnefningar í stjórnina hafi verið fellt niður.

Stjórn VR afturkallaði í vor umboð stjórnarmanna sinna í lífeyrissjóðnum vegna vaxtaákvörðunar stjórnarinnar. Fjármálaeftirlitið (FME) taldi ákvörðun stjórnarinnar geta talist tilraun til beinnar íhlutunar í stjórnun lífeyrissjóða. FME úrskurðaði að brottvikning stjórnarmanna af hálfu VR hefði ekki verið réttmæt.

Í yfirlýsingu VR segir enn fremur að félagið fallist á þau sjónarmið að óæskilegt sé að þeir sem fari með vald til tilnefningar í stjórn sjóðsins hlutist til um ákvarðanir stjórnarinnar og vonandi heyri slík inngrip sögunni til. Lýsir VR yfir mikilli ánægju með málalokin enda sé nauðsynlegt að ljúka deilum við sjóðinn og FME.

**Stjórn VR afturkallaði umboð stjórnarmanna sinna í stjórn LV í vor vegna vaxtaákvörðunar. Samkomulag hefur náðst um innkomu nýrra stjórnarmanna fyrir hönd félagsins.**

Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar LV, segist ekki skilja á hvaða vegferð Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hafi verið í málinu.

„Ég er ekki stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og hef ekki sem fulltrúi atvinnurekenda skipt mér af því hverja VR skipar í stjórn,“ segir Guðrún.

Guðrún segir Ragnar Þór snúa málinu á hvolf. „Samtökum atvinnulífsins er alveg sama hverjir sitja í stjórnum lífeyrissjóða fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar.

Við gerum hins vegar athugasemdir við að VR hafi rekið fulltrúa úr stjórn sjóðsins fyrir að hlíta ekki tilmælum frá stjórn VR. Við lítum á það sem inngrip í störf stjórnar sem fari gegn góðum stjórnarháttum, það er skuggastjórnun og er ólögleg.“

Hún hafnar því alfarið að hafa brotið lög eða framið valdarán. „Allt tal um valdarán er gripið úr lausu lofti. Ragnar Þór talar um að atvinnulífið hafi farið gegn honum þegar staðreyndin er sú að hann einn hefur verið að tjá sig um málið síðustu daga.“

Guðrún er ekki sammála Ragnari um að fulltrúar atvinnulífsins eigi að víkja úr stjórnum lífeyrissjóða.

„Þetta er hluti af kjarasamningum og hefur verið svona frá stofnun lífeyrissjóðakerfisins fyrir fimmtíu árum. Þetta hefur reynst gríðarlega farsælt samstarf og ég tel mikilvægt að standa vörð um það áfram. Ég tel það líka hollt að lífeyrissjóðirnir taki þátt í uppbyggingu atvinnulífsins og skapi þar með störf.“

Hún hefur átt sæti í stjórnum lífeyrissjóða fyrir hönd atvinnurekenda í rúm þrjú ár.

„Samtök atvinnulífsins hafa aldrei nokkurn tímann skipt sér af mínum störfum, það er ótrúlegt að staðan sé sú að það þurfi sérstaklega að taka það fram. Eitthvað held ég að VR myndi segja ef SA myndi reka alla stjórnarmenn sína fyrir að taka ekki boðvaldi úr Borgartúninu.“

arib@frettabladid.is

# Katrín tilbúin að funda með Pence

**UTANRÍKISMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra er tilbúin til að hitta Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Varaforsetinn er væntanlegur í opinbera heimsókn til Íslands þann 3. september næstkomandi en Katrín verður þá stödd í Svíþjóð á þingi Norræna verkalýðssambandsins (NFS).

Nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna, Jeffrey Ross Gunther, fundaði með Katrínu í gær. Þar var meðal annars rætt um þann möguleika að Pence myndi framlengja dvöl sína á Íslandi.

„Á þeim fundi var sá möguleiki ræddur að forsætisráðherra og varaforseti Bandaríkjanna myndu ná saman á fundi 4. september þegar Katrín kæmi til baka frá Svíþjóð, og á þeim fundi lýsti forsætisráðherra sig reiðubúna til þess,“ segir Lára Björg Björnsdóttir, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar.

ASÍ sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna þeirrar umræðu sem skapast hefur um fjarveru forsætisráðherra þegar heimsókn varaforsetans stæði yfir. Þar segir að sú hefð hafi myndast að forsætisráðherra þess ríkis sem fari með formennsku í NFS flytji aðalræðu þingsins. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, gegnir nú formennsku í NFS.

Þá er lýst furðu á fréttaflutningi og viðhorfi ýmissa stjórnmálamanna um að Katrín sé að hunsa varaforsetann.

„Þessi orðræða segir sitt um viðhorf og firringu þeirra sem henni hafa haldið á lofti. Þar er gert lítið úr mikilvægi þess að forsætisráðherra Íslands ávarpi og eigi samtal, við fulltrúa níu milljóna verkafólks á Norðurlöndunum og samtaka þess, um mörg brýnustu úrlausnarefni samtímans,“ segir í tilkynningunni. – oæg, sar



Jeffrey Ross Gunther gengur af fundi forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

## TAXFREE* AF ÖLLU GARNI OG BÚSÁHÖLDUM DAGANA 22.-26. ÁGÚST

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Landamærin enn til trafala fyrir Boris

**Fundir með Merkel og Macron gerðu lítið til þess að slá á áhyggjur af samningslausu Brexit. Landamæri Írlands og Norður-Írlands eru enn stærsta hindrunin.**


Boris Johnson, brosandi þrátt fyrir afar erfiða stöðu. NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Boris Johnson, forsætisráðherra Breta, hefur ekki nema 68 daga þar til Bretar ganga út úr Evrópusambandinu. Tíminn sem hann hefur til þess að annaðhvort breyta samningnum sem ríkisstjórn Theresu May gerði við ESB um útgöngu eða einfaldlega að gera nýjan samning er væntanlega öllu styttri, eigi plaggið að komast í gegnum þingið.

Johnson hefur ítrekað lýst því yfir að Bretar muni ganga út þann 31. október þótt það þýði samningslausa útgöngu. Það vill þingið reyndar ekki og yrði erfitt að koma samningslausri útgöngu þar í gegn.

Það kemur því ekki á óvart að vikan sem leið fór í viðræður hjá forsætisráðherranum. Hitti hann bæði Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Emmanuel Macron, forseta Frakklands, til þess að ræða stöðuna. Um helgina verður Johnson svo staddur á fundi G7-ríkjanna þar sem hann mun væntanlega ræða útgönguna.

Enn sem áður virðist það ákvæði fyrirliggjandi samnings sem vefst helst fyrir Bretum vera varúðarráðstöfun sem gerð er um fyrirkomulagið á landamærum Írlands og Norður-Írlands. Þar vill enginn hafa sýnilega landamæragæslu. Því var upphaflega sammælst um að ef frekara samkomulag næðist ekki myndi Norður-Írland þurfa áfram að hlýða stærri hluta regluverks ESB en aðrir Bretar. Þetta þótti breska þinginu ósættanlegt og varúðarráðstöfunin er ein stærsta ástæðan fyrir því að þingið felldi May-samninginn með sögulegum mun.

Lesa má úr orðum Merkel í vikunni að ábyrgðin á því að leysa úr stöðunni hvíli öll á herðum Breta. Hún skoraði á Johnson að finna lausn á næstu 30 dögum. Varúðarráðstöfunin væri ekki lengur nauðsynleg ef varanleg lausn fyndist.

En þótt Merkel hafi ef til vill virkað nokkuð jákvæð og opin fyrir nýjum hugmyndum talar hún ekki fyrir ESB í heild. Skilaboðin frá Macron, sem reyndar neitaði því að hann væri harðari í afstöðu sinni gegn Bretum en Þjóðverjinn, voru öllu meira áhyggjuefni fyrir Breta. Sagði hann að varúðarráðstöfunin væri hreinlega ómissandi til að tryggja pólitískan stöðugleika og öryggi á innri markaði ESB. **thorgnyr@frettabladid.is kristjana@frettabladid.is**

## Foreldrar okkar vilja Brexit

**Harry James Hall**
20 ára sölumaður



„Pabbi styður Brexit en ég og flestir jafnaldrar mínir gerum það ekki og kvíðum þessu,“ segir Harry James, sem starfar við sölustörf í sumarfríinu. „Það er stórt kynslóðabil. Foreldrar okkar styðja Brexit. Af hverju? Við skiljum það ekki og viljum halda í það frelsi og þá kosti sem fylgja aðildinni og ekki hverfa til gamalla tíma. Ég vona enn að það verði ekki Brexit en held það verði samt.“

Hvað finnst þér um Boris?

„Mér finnst hann algjör brandari. Það er ekki hægt að taka hann alvarlega. Má ég lýsa honum með emoji-karli?“ spyr Hall og segir Johnson vera broskarlinn sem er bæði hlæjandi og grátandi.

## Staðfastir trúðar

**Pete**
61 árs gluggaþvottamaður

En kannski eldri kynslóðin sé ekki jafn einhuga um Brexit og Harry James Hall telur. Að minnsta kosti er gluggaþvottamaðurinn Pete ekki sannfærður. „Ég vil ekki gefa upp fullt nafn og þú mátt ekki birta mynd af mér, góða mín. Það eru svo sterkar skoðanir á þessu eftir því sem nær dregur. Ég myndi missa viðskipti, segir hann Pete sem er að þvo glugga veitingastaðar í stórri verslunargötu í miðborg Brighton.

Og hvað heldur þú að gerist?

„Ég vona að við förum ekki úr Evrópusambandinu en þessir trúðar eru hreinlega svo staðfastir, og verður ekki hnikað,“ segir Pete.

Og hvað með Boris, hvernig hefur þér fundist málflutningur hans og frammistaða?

„Ég kann illa við Boris, mér finnst hann óheiðarlegur stjórnmálamaður og ég treysti honum ekki til verka. Bara alls ekki.“


# Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Samtök iðnaðarins og Rannís boða til kynningarfundar

miðvikudaginn 28. ágúst kl. 8.30-10.00

í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, fundarsalnum Hyl á 1. hæð. Boðið verður upp á léttan morgunverð.

**Dagskrá**

1. Fulltrúar Rannís gera grein fyrir :
   · Styrkjaflokkum Tækniþróunarsjóðs
   · Eurostars styrkjum
   · Skattfrádrætti vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar
   · Reglugerð um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga
2. Reynsla félagsmanna SI af umsóknaferli Tækniþróunarsjóðs
   · Margrét Júlíana Sigurðardóttir, Rosamosi
   · Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Oddi hf.
3. Umræður

Fundarstjóri er Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs hjá SI.



Næsti umsóknarfrestur í sjóðinn er til 16. september

Tækniþróunarsjóður · SI Samtök iðnaðarins · rannís www.rannis.is

www.rannis.is



Merkel og Macron í París í nóvember síðastliðnum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ræða um skógareldana í Amason á G7-fundinum

**» Leiðtogar G-7 ríkjanna munu funda um helgina í Biarritz í Frakklandi. Þau Emmanuel Macron og Angela Merkel vilja ræða um skógareldana í Amason.**

**BRASILÍA** Leiðtogar Frakka og Þjóðverja tjáðu sig báðir í gær um þann metfjölda skógarelda sem hafa geisað í Amasonfrumskóginum í Brasilíu á árinu. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði að þetta þyrfti að ræða á fundi G7-ríkjanna um helgina. Algjört neyðarástand hefði skapast.

Tók Merkel þannig undir með Emmanuel Macron Frakklandsforseta. „Húsið okkar er að brenna. Bókstaflega. Amasonfrumskógurinn, lungun sem framleiða fimmtung af súrefni jarðar, er alelda,“ sagði Frakkinn.

Og Antonio Guterres, framkvæmdastjóri SÞ, er á sama máli. „Nú þegar við göngum í gegnum hnattræna loftslagskrísu höfum við ekki efni á því að slík auðlind súrefnis og fjölbreytts lífríkis skaðist meira.“

Öfgaíhaldsmaðurinn Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, sagði ákall um að málið skyldi ræða á fundinum litast af nýlenduhyggju. Hann hefur sagt mögulegt að alþjóðleg samtök beri ábyrgð á eldunum til að koma óorði á stjórn sína en gengist við því að fyrir því séu engar sannanir. Á fimmtudag sagði hann svo, samkvæmt BBC, að bændur gætu verið að kveikja í skóginum til að rýma land.

CNN hafði eftir leiðtogum umhverfisverndarsamtaka og rannsakendum í gær að mannfólk hefði kveikt meirihluta elda ársins. Haley Brink, veðurfræðingur CNN, sagði líklegast að nautgripabændur hefðu kveikt í til að fá meira beitiland. **– þea**




## SPARIÐ
# 20-40%*
AF **ÖLLUM** SKRIFBORÐSSTÓLUM OG SKRIFBORÐUM



*GILDIR ÚT 25. ÁGÚST

## SPARIÐ*
# 30%
AF **ÖLLUM** LÖKUM

*GILDIR ÚT 25. ÁGÚST



## SPARIÐ
# 40%
AF **ALECIA** GARDÍNU




## SPARIÐ*
# 20-40%
AF **ÖLLUM** SÆNGUM

*GILDIR ÚT 25. ÁGÚST



## SPARIÐ
# 20-30%
AF **ÖLLUM** ELDHÚS- OG BORÐSTOFUBORÐUM



## SPARIÐ
# 20%
AF **ÖLLUM** LOFTLJÓSUM, LÖMPUM OG SÓLARRAFHLÖÐULJÓSUM



## SPARIÐ
# 25%
AF **NELL** OG **MOSS** SÆNGURVERASETTUM



# Falskt flagg



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Sögulega er Sjálfstæðisflokkurinn málsvari hægristefnu. En undanfarin ár hefur hann orðið upptekinn af því að vera breiðfylking. Flokkurinn hefur lent milli skips og bryggju. Frjálslyndari hægrimenn finna farveg í Viðreisn, hinir íhaldssamari geta stutt Framsókn og þeir sem ginnkeyptir eru fyrir popúlisma fallið fyrir Miðflokknum.

Flokknum gæti reynst happadrýgra að tala með skýrum hætti fyrir rótgrónum gildum.

Frjálslyndir hægrimenn eru landlausir líkt og í mörgum öðrum löndum. Hefðbundin mál flokksins um takmörkuð ríkisafskipti, frelsi í viðskiptum, víðsýni í samskiptum við útlönd og aga í ríkisfjármálum hafa fallið í skuggann. En eftirspurn eftir slíkum málflutningi er ekki horfin. Hinar öfgarnar eru varla kostur. Stór hægriflokkur mun aldrei geta keppt í pólitískum yfirboðum við hreina popúlista eins og Miðflokkinn.

Tilvistarvandi Sjálfstæðisflokksins er ekki séríslenskt fyrirbrigði. Um allan hinn vestræna heim á klassísk frjálslynd hægristefna undir högg að sækja. Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur gengið svo langt að lýsa yfir ótímabæru dauðsfalli líberalismans. Financial Times lagði nýlega út frá þessum ummælum Pútíns og taldi hann hafa rangt fyrir sér. Réttara væri að segja að lýðskrumarar sigli undir fölsku flaggi, þykist fylgja hægristefnu sem þeir segja almennt upp á sitt besta þegar jafnvægi ríkir milli frjálslyndis og íhaldssemi. Ný tegund leiðtoga sveipi sig ljóma íhaldssemi og viðskiptafrelsis. En ekki fari saman orð og gjörðir.

Trump sækir stuðning til trúarhópa en telst varla breyta eins og sannkristinn maður. Hann þykist talsmaður viðskiptafrelsis en reisir á sama tíma tollmúra á báða bóga. Boris Johnson virðist ætla út úr Evrópusambandinu hvað sem tautar og raular, með tilheyrandi skelli fyrir efnahagslífið. Samt þykist hann talsmaður hagsældar og frjálsra viðskipta. Hvorki Trump né Johnson láta staðreyndir flækjast fyrir sér í sínu tali.

Sama þróun er auðvitað í gangi hér á landi. Orkupakkamálið er strámaður úr smiðju Steve Bannon eða Dominic Cummings, þekktra áróðursmeistara.

Málið er prófraun á stjórnmálaflokka sem vilja láta taka sig alvarlega. Ýmislegt bendir nú til þess að Vinstri græn og Framsókn séu að gefa eftir í afstöðu sinni. Það hlýtur að vera kærkomið tækifæri fyrir forystu Sjálfstæðisflokksins til að taka forystu á hægri vængnum, líkt og hann gerði á árum áður.

Þarna er tækifæri til að slá nýjan tón. Tala skýrt fyrir alþjóðasamstarfi og skynsamlegum samskiptum við okkar helstu viðskiptalönd. Hvers vegna ætti að tefla farsælum samskiptum við vinaþjóðir í tvísýnu þegar engir hagsmunir eru undir?

Hvorki né afstaða fer öllum stjórnmálaflokkum illa, hvort sem þeir eru á hægri væng eða vinstri. Best er að taka afstöðu með sjálfum sér og láta moldviðri popúlistanna sem vind um eyru þjóta.

**Sama þróun er auðvitað í gangi hér á landi. Orkupakkamálið er strámaður úr smiðju Steve Bannon eða Dominic Cummings.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# 24. ágúst

Í dag er 24. ágúst. Í dag eru fjórir mánuðir til jóla. „Hvað með það?“ spyr eflaust helmingur fólks. Hinum helmingnum rennur kalt vatn milli skinns og hörunds.

### Hin raunverulega gjöf

Gemma Hartley bað eiginmann sinn um að kaupa handa sér heimilisþrif í mæðradagsgjöf. Baðherbergi og gólf. Kannski glugga líka ef það kostaði ekki of mikið auka. Í huga Gemmu fólst gjöfin þó ekki í þrifunum sjálfum heldur skipulagningunni á þeim. Hjónin höfðu lengi ætlað að láta þrífa hjá sér. Gjöfin var að sjá eitthvað gerast innan heimilisins án þess að hún hefði yfirumsjón með verkinu; án þess að hún þyrfti að hringja fjölda símtala, óska eftir tilboðum frá mismunandi fyrirtækjum, skoða gagnrýni annarra viðskiptavina um hvert og eitt þeirra og bóka tíma. Hin raunverulega gjöf var að losna við alla „andlegu vinnuna“ við framkvæmdina – hugmyndavinnuna, skipulagið, ákvarðanatökuna. Hreint hús var aðeins bónus.

Gemma vissi að eiginmaðurinn vonaði að hún léti af ósk sinni um heimilisþrif og bæði um eitthvað einfaldara í mæðradagsgjöf; eitthvað af Amazon sem hann gæti pantað með músarsmelli og fengið sent heim. En Gemma hvikaði ekki.

Daginn fyrir mæðradaginn hringdi eiginmaðurinn loks í eitt fyrirtæki og fékk tilboð í verkið. Honum fannst það hátt. Hann sagði við Gemmu að hann gæti þrifið baðherbergið sjálfur en ef Gemma endilega vildi gæti hann svo sem bókað rándýra þjónustu fyrirtækisins. Hvað vildi hún að hann gerði?

Það sem Gemma vildi var að eiginmaðurinn spyrðist fyrir um – til dæmis meðal vina á Facebook – hvort einhver vissi um góða ræstiþjónustu. Hún vildi að hann hringdi á nokkra staði en ekki bara einn. Hún vildi að hann sæi um „andlegu vinnuna“ sem Gemma hefði innt af hendi ef verkið hefði verið á hennar könnu.

Gemma fékk hálsmen í mæðradagsgjöf. Kassinn með gjafapappírnum sem eiginmaðurinn hafði notað til að pakka inn gjöfinni lá á miðju gólfi. Á meðan eiginmaður Gemmu lokaði sig inni á baðherbergi og þreif í makindum stóð Gemma í ströngu frammi í stofu og gætti barna þeirra þriggja og háði tapaða baráttu við að koma í veg fyrir að þau legðu öll herbergi heimilisins – nema baðherbergið – í rúst.

Eiginmaðurinn taldi sig gefa Gemmu það sem hún óskaði sér heitast: Hreint baðherbergi. Axlir hans sigu af vonbrigðum þegar hann kom að Gemmu þar sem hún stóð önug uppi á stól að basla við að koma kassanum með gjafapappírnum fyrir á sínum stað uppi í efstu hillu.

„Þú hefðir getað beðið mig um að ganga frá þessu.“ Eitthvað innra með Gemmu brast. „Það er merguriinn málsins,“ hvæsti hún. „Mér finnst ég ekki eiga að þurfa að biðja.“

### Hin ósýnilega vinna

Í nýlegri íslenskri rannsókn sem birtist í Tímariti um viðskipti og efnahagsmál kemur fram að konur beri enn meginábyrgð á heimilinu. Tæp 39% kvenna en aðeins 4% karla segjast að mestu leyti sjá um heimilisstörfin. En heimilisstörfin eru meira en handtökin.

Þegar blaðamaðurinn Gemma Hartley sagði söguna af mæðradagsgjöfinni í tímaritsgrein ætlaði allt um koll að keyra. Tveir milljarðar hafa nú smellt á greinina. Gemma hafði borið kennsl á byrði sem margar konur rogast með á bakinu, „andlega vinnu“ sem fer að mestu fram í huganum svo fáir taka eftir henni og felst meðal annars í að vita hvað er til í ísskápnum, skipuleggja innkaupalista, halda utan um dagatalið, muna hvenær næsta bekkjarafmæli er, ákveða hver afmælisgjöfin skuli vera, vera með augun á klukkunni og sjá til þess að allir byrji að klæða sig í föt í tæka tíð, skipuleggja rólóferðir, ákveða nesti, vita hvað er í kvöldmatinn, muna hvort klippa þurfi táneglurnar á krökkunum – og skipuleggja jólin.

Í dag er 24. ágúst. Færð þú hroll er þú lest dagsetninguna?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is


OCTAVIA ER 60 ÁRA OG ÞÚ FÆRÐ PAKKA
ŠKODA
ŠKODA OCTAVIA – SEXTUG OG SJALDAN SPRÆKARI.
Það er ekki að ástæðulausu að Škoda Octavia hefur verið einn sá alvinsælasti hjá íslensku þjóðinni í áratugi. Aksturseiginleikarnir, þægindin, rýmið og sparneytnin hafa einkennt Octaviuna allar götur frá því hún kom fyrst á markað. Nú bjóðum við þennan einstaka bíl með afmælispakka; aukabúnaði sem gerir aksturinn enn skemmtilegri. Komdu og prófaðu, við hlökkum til að sjá þig!
Octavia G-Tec
Combi / Sjálfskiptur
Verð frá 3.990.000 kr.
Octavia
Limo / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Verð frá 4.090.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
Afmælispakki fylgir!*
· Climatronic miðstöð
· Hiti í stýri
· Hiti í framrúðu
· Fjarlægðart. hraðastillir
· Krómpakki
Að verðmæti 320.000 kr.
60 ŠKODA OCTAVIA
60 ÁRA 1959-2019
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is
*Gildir aðeins í takmarkaðan tíma út apríl 2019. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Loks eitthvað jákvætt frá McGregor

**Íslandsvinurinn Conor McGregor ætlar að berjast á þessu ári en hann hefur ekki barist síðan hann tapaði eftirminnilega fyrir Khabib Nurmagomedov. Hann hefur þó iðulega komið sér í fréttirnar en yfirleitt fyrir eitthvað allt annað en bardagasnilli sína.**

**BARDAGAÍÞRÓTTIR** Conor McGregor hefur verið í fréttum að undanförnu fyrir að hafa kýlt fimmtugan mann á bar fyrir litlar sem engar sakir. Þar á undan var hann handtekinn í Miami fyrir að eyðileggja síma aðdáanda, kynferðisleg áreitni er til rannsóknar í heimalandinu og svona mætti lengi telja. Mannorð hans er í rúst en McGregor mætti í langt viðtal á ESPN-sjónvarpsstöðinni á fimmtudag og fór yfir sína hlið á málunum. Trúlega var þetta fyrsta skrefið fyrir kappann til að reyna að öðlast snefil af virðingu aftur.

McGregor fór um víðan völl í viðtalinu. Talaði um atvikin í Dublin og Miami, nýja húsið sitt og að hann ætli ekki að verða enn ein klisjan um bardagamanninn sem átti allt og gat allt en spilaði svo rassinn úr buxunum. Flestir spekingar vestan hafs eru sammála um að McGregor hafi virst auðmjúkur í viðtalinu en auðmýkt og hann hafa ekki beint verið vinir undanfarin ár.

„Ég ætla ekki að feta klisjustíginn um bardagamanninn sem átti allt en sólundaði svo öllu. Ég þarf að viðurkenna fortíðina, ekki aðeins hjá mér heldur öðrum líka. Það er það sem ég er að gera, alla daga og ég er að vinna mikið í sjálfum mér.

Þetta er ekkert búið hjá mér. Ég er mjög spenntur fyrir komandi tímum. Það var smá hindrun í veginum en ég er að finna jafnvægið og hvatann til að berjast aftur.“

Hann benti svo á að hann myndi trúlega berjast áfram til síðasta dags. Og hann væri langt í frá hættur í UFC þrátt fyrir tíst þess efnis. Hann vildi áfram vera hjá sambandinu og bæri ómælda virðingu fyrir því. Allir væru að vinna að því að fara aftur af stað.

McGregor hefur nokkra valmöguleika þegar kemur að andstæðingum. Nate Diaz meðal annars en Conor benti á að þeir hefðu eytt um 50 mínútum í búrinu saman og kannski væri betra að skoða aðra möguleika. Heimsbyggðin væri trúlega til í annað einvígi milli Khabibs og McGregors. „Ég vil bara titilinn minn aftur. Í hreinskilni sagt þá skiptir ekki máli hver verður andstæðingur minn. Þetta snýst bara um að fara aftur inn í búrið og vera ég sjálfur.“ Þá benti McGregor á að þótt það væri ágúst þá væru líkurnar á því að hann muni stíga inn í búrið fyrir árslok töluverðar.



Conor McGregor er íslendingum að góðu kunnur enda æfir hann oft hér með Gunnari Nelson. NORDICPHOTOS/GETTY




Mcgregor kemur frá lögreglustöðinni í Brooklyn í járnum.

> Ég þarf að vera rólegur og sýna gott fordæmi. Það eru margir sem líta upp til mín og ég get ekki haldið áfram að bregðast svona við.

### Mun ekki víkja undan ábyrgð

Um John Kavanagh, þjálfara sinn, sagði McGregor að hann yrði í horninu hjá sér í næsta bardaga en viðurkenndi að samband þeirra hefði verið betra. „Hann er snillingur og að hafa hann í mínu horni er nauðsynlegt. Við erum að ræða saman. Ég veit að ég var ekki 100 prósent og það tekur tíma að laga sambandið en hann verður í mínu horni – ekki spurning.“

Um atvikið á barnum, sem írska lögreglan hefur til skoðunar, sagðist hann vera miður sín en ætlar að axla ábyrgð á gjörðum sínum. „Þessi maður átti skilið að fá að njóta sín á barnum. Ég baðst afsökunar strax á staðnum en það skiptir ekki máli því hegðun mín var ekki í lagi. Ég verð að axla ábyrgð, fyrir alla fjölskyldu mína, mömmu, pabba og þá sem kenndu mér að berjast. Þann dóm sem ég fæ á ég skilið. Ég mun ekki víkja mér undan ábyrgðinni.“

### Fiskur eða hvalur

Spurður um hvernig hann ætli að halda sig á beinu brautinni sagði McGregor að eitt af mörgu sem hann geri sé að eiga daglegt samtal við sjálfan sig.

„Ég er að reyna að láta ekki undan freistingunni. Ég er að reyna að grípa ekki beituna. Er ég fiskur eða er ég hvalur? Ég þarf að vera rólegur og sýna gott fordæmi. Það eru margir sem líta upp til mín og ég get ekki haldið áfram að bregðast svona við. Ég er að vinna mikið í mínum málum til að svo megi verða.

Ég er að reyna að vera fjölskyldumaður og vinn hart að því alla daga. Við fluttum inn í nýtt hús fyrir skömmu og það tók langan tíma að finna það. En ég er ánægður og við erum að koma okkur þar fyrir og skoða skóla og annað.“

benediktboas@frettabladid.is




Gleðilega hátíð
Landsbankinn er máttarstólpi Menningarnætur og hefur verið allt frá því að Menningarnótt var fyrst haldin. Við tökum virkan þátt í hátíðarhöldunum og bjóðum upp á fjölbreytta dagskrá í útibúi bankans í Austurstræti 11 á Menningarnótt.
Kl. 13.00 / 14.00 Listaverkaganga
Kl. 15.00 Pétur og úlfurinn, brúðuleikhús – Bernd Ogrodnik
Kl. 16.00 Auður
Kl. 17.00 Jón Jónsson
Verið hjartanlega velkomin.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000




15% AFSLÁTTUR

## BRAVO

Hægindastóll og skammel. Svart eða koníakslitt leður og álfætur.

Stóll
178.492 kr. ~~209.990 kr.~~

Skammel
59.492 kr. ~~69.990 kr.~~




## TIMEOUT

Hægindastóll og skammel. Timeout fæst í mörgum útfærslum og litum í leðri eða áklæði.

Verðdæmi stóll: Svart leður og hnota.
229.492 kr. ~~269.990 kr.~~

Skammel: Svart leður og hnota.
59.492 kr. ~~69.990 kr.~~

15% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

## MEXICO

Hægindastóll. Sinnepsgult, grænt eða grátt sléttflauel. Snúningsfótur
67.992 kr. ~~84.990 kr.~~

Hægindastóll. Svart leður. Snúningsfótur.
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~



30% AFSLÁTTUR

## KENYA

Hægindastóll. Grænt, brúnt eða dökkgrátt Holly áklæði.
34.993 kr. ~~49.990 kr.~~



20% AFSLÁTTUR

## SPAN

Hægindastóll. Viðarlit eða svört grind og ljósgrátt slitsterkt áklæði.
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR

## LEEDS

Hægindastóll. Svart sléttflauel.
Stærð: 73 × 81 × 77 cm
53.994 kr. ~~89.990 kr.~~



30% AFSLÁTTUR

## OPUS

Hægindastóll.
Svart leður og krómaður fótur.
118.993 kr. ~~169.990 kr.~~



## RELIEVE

Hægindastóll frá Conform með eða án skemils. Grátt Bolzano eða svart Fantasy leður.

30% AFSLÁTTUR



Svart Fantasy leður
185.493 kr. ~~264.990 kr.~~

Skemill
53.893 kr. ~~76.990 kr.~~

Grátt Bolzano leður
192.493 kr. ~~274.990 kr.~~

Skemill
55.993 kr. ~~79.990 kr.~~



## CALAIS

Hægindastóll með skemli. Blátt eða dökkbrúnt áklæði. Og einnig svart eða brúnt PVC leður.

50% AFSLÁTTUR

Calais í áklæði
49.950 kr. ~~99.990 kr.~~

Calais í PVC leðri
64.950 kr. ~~129.990 kr.~~



## ATLANTA

2ja og 3ja sæta rafknúnir sjónvarpssófar. Svart, dökkbrúnt eða dökkgrátt leður.

NÝTT Í HÖLLINNI

20% KYNNINGARAFSL.

3ja sæta: 198 x 96 x 98 cm
199.992 kr. ~~249.990 kr.~~

2ja sæta: 147 x 96 x 98 cm
159.992 kr. ~~199.990 kr.~~



20% KYNNINGARAFSL.

## ATLANTA

Hægindastóll. Svart, dökkbrúnt eða dökkgrátt leður.
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~


**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir frá 22. til 26. ágúst 2019 eða á meðan birgðir endast.*

# NOTALEGT Í HÖLLINNI

## VALDIR HÆGINDASTÓLAR OG SJÓNVARPSSÓFAR Á TILBOÐI FRÁ FIMMTUDEGI TIL MÁNUDAGS

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN




## ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt eða brúnt leður. Blátt, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

Stóll í áklæði
**55.992 kr.** ~~69.990 kr.~~

Skemill í áklæði
**11.992 kr.** ~~14.990 kr.~~

Stóll og skemill í áklæði
**67.984 kr.** ~~84.980 kr.~~

Stóll í leðri
**79.992 kr.** ~~99.990 kr.~~

Skemill í leðri
**19.992 kr.** ~~24.990 kr.~~

Stóll og skemill í leðri
**99.984 kr.** ~~124.980 kr.~~

Litir í áklæði

Litir í leðri

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*






## JAY

La-z-boy hægindastóll.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 97 × 94 × 107 cm

**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*




## STANLEY

La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu eða brúnu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

**127.992 kr.** ~~159.990 kr.~~




## ETHAN

2ja og 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófar. Klæddir ljós- eða dökkgráu áklæði eða svörtu leðri.

2ja sæta: 146 × 85 × 105 cm í ákæði
**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~

3ja sæta: 200 × 85 × 105 cm í ákæði
**223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~

3ja sæta: 200 × 85 × 105 cm í leðri
**319.992 kr.** ~~399.990 kr.~~

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*




## PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökk-brúnt leður.
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Maraþonið springur út

Reykjavíkurmaraþonið haldið í 36. sinn. Um er að ræða stærstu góðgerðarsöfnun landsins. 190 hópar skráðir í ár, en 156 milljónir söfnuðust í fyrra.

Árlegt Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í dag líkt og landsmenn vita flestir. „Hlaupið hefur fest sig í sessi sem einn stærsti fjölskylduviðburður í Reykjavík, þar sem allir geta fundið vegalengd við sitt hæfi. Hlaupurum gefst kostur á að velja á milli fimm vegalengda, allt frá 600 metra skemmtiskokki til maraþons, auk þess sem þeim gefst kostur á að hlaupa til styrktar góðu málefni og fer áheitasöfnun fram á hlaupastyrkur.is,“ segir Edda Hermannsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri Íslandsbanka. Edda hleyptur hálft maraþon fyrir styrktarfélagið Líf.

„Undanfarin ár hefur verið unnið að því hörðum höndum að bæta upplifun hlaupara í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka og höfum við hjá bankanum og samstarfsaðilar okkar hjá ÍBR verið dugleg við að heyra í hlaupurum. Einn liður í því var að breyta hlaupabrautinni, fjölga peppstöðvum á hlaupaleið og gera verðlaunapeninginn veglegri,“ segir Katrín Þ. Jóhannsdóttir, verkefnastjóri maraþonsins. Sjálf hleypur hún 10 kílómetra fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

„Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á hlaupaleiðinni í maraþoninu milli ára til að bæta stemningu og auka upplifun hlaupara. Nýja leiðin er mjög fjölbreytt og er nú einn hringur en ekki hlaupin að hluta til sama leiðin tvisvar eins og áður. Þetta er mikill kostur fyrir hlaupara. Þá liggur brautin nú meira í gegnum íbúagötur borgarinnar,“ segir Katrín.

Edda segir skemmtilegt að fylgjast með þeim breytingum sem orðið hafa á maraþoninu. „Þegar hlaupastyrkur byrjaði, þá var það nær eingöngu starfsfólk bankans sem var að heita á hlaupara en í dag er magnað að sjá hversu vel söfnunin gengur og hjálpar góðgerðarfélögunum mikið. Í dag eru það sögur hlauparanna og góðgerðarfélaganna sem drífa þetta áfram og virkilega gaman að sjá allan þennan fjölda vekja athygli á sínum málefnum,“ segir Edda.

Hægt er að heita á hlaupara á hlaupastyrkur.is til kl.12.00 á mánudagskvöldið. **olof@frettabladid.is**

Svo framarlega sem þú ert ekki í hópi þeirra bestu í hlaupinu er farsælast að koma sér fyrir aðeins fyrir aftan ráslínuna. Þeir sem eru fremst þurfa að fara hratt af stað til að verða ekki troðnir undir. Það er varhugavert að fara of hratt af stað því líkaminn hreinlega súrnar upp vegna mjólkursýrumyndunar.

Heimild: hlaup.is



Edda Hermannsdóttir hleyptur hálft maraþon, en Katrín Jóhannsdóttir 10 kílómetra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Staðreyndir um hlaupið**

- Frá því að söfnun hófst á hlaupastyrkur.is í tengslum við Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka hafa safnast 820 milljónir, en í fyrra slógum við metið þegar söfnuðust rúmar 156 milljónir og er þetta stærsta góðgerðarsöfnun landsins.

- Yfir 190 félög eru skráð í ár og mun fleiri hlauparar sem hlaupa nú fyrir góðgerðarfélög en fyrri ár. Það er skemmtileg þróun að sjá svo marga leggja sitt af mörkum og eru mörg landsþekkt andlit sem við vitum að eru að hlaupa fyrir hin ýmsu góðgerðarfélög í ár.




Það er mikilvægt að taka létta upphitun fyrir hlaupið þótt þú sért að fara í heilt eða hálft maraþon. Upphitunin hitar og liðkar líkamann, og hjálpar þér að losna við stírurnar úr augunum og fiðringinn í maganum. Einnig er þetta góður tími til að virða fyrir sér aðra hlaupara og heilsa upp á kunningjana. 10-15 mínútur af léttu skokki eða göngu og léttar teygjur.

Heimild: hlaup.is









EQ

EQC er 100% rafmagnaður sportjeppi frá Mercedes-Benz. Hann er kraftmikill, með allt að 417 km drægi og búinn hinu einstaka 4MATIC fjórhjóladrifi sem hentar vel fyrir íslenskar aðstæður. Hann hefur einnig hið margrómaða MBUX margmiðlunarkerfi, stórt stafrænt mælaborð og býr yfir allra nýjustu öryggis- og aksturskerfum frá Mercedes-Benz.

Komdu á frumsýningu í dag. Kynntu þér EQC og glæsilegt úrval tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz. Við tökum vel á móti þér.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram



Hildur Birna nýtur þess að koma fólki til að hlæja. Hún er uppistandari og hefur skemmt fyrir fullu húsi í vetur með uppistandshópnum Bara góðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is



# Skammast mín ekki fyrir að vera eins og ég er

**Hildur Birna Gunnarsdóttir** segir frá lífi sínu í einlægri frásögn. Hvernig hún tókst á við veikindi móður sinnar, bróðurmissinn og hvernig hún hætti að drekka eftir gjörning frá syni sínum. Hún notar húmorinn óspart bæði í leik og starfi, en tekur starf sitt sem uppistandari alvarlega.

Hildur Birna Gunnarsdóttir brosir út að eyrum þegar hún hittir blaðamann yfir kaffibolla í miðbænum. Hún hefur einstaklega hlýja nærveru og er bæði opin og skemmtileg. Hún segir sögu sína af einlægni með sínum einstaka húmor og hún dregur ekkert undan.

„Þegar ég var sjö ára fluttum við fjölskyldan í Víðines, sem var heimili fyrir gamla alkóhólista. Þar voru 70 gamlir karlar sem voru eins og afar mínir, alveg æðislegir,“ segir Hildur. Móðir hennar var forstöðuhjúkrunarfræðingur á staðnum og sá um að allt væri þar í röð og reglu.

„Það var rosa sérstakt að alast upp í þessu en á sama tíma var það mikið ævintýri á hverjum einasta degi. Skemmtilegast var þegar löggan kom að hirða kallana ef þeir fengu sér sjúss en þeir máttu ekki drekka þarna. Aðalsportið hjá okkur systkinunum var að fela okkur og hlusta þegar karlarnir voru teymdir út í löggubíl og blótuðu löggunni, þetta var ótrúlega gaman,“ segir Hildur brosandi og bætir við að reynslan í Víðinesi hafi kennt henni margt.

„Þarna voru allir rónar bæjarins. Þeir áttu bara heima þarna og maður fékk innsýn í þann heim, sá að þetta voru góðir karlar þó að þeir hefðu lent þarna,“ segir Hildur.

**Lamaðist fyrir neðan mitti**

Eftir nokkurra ára dvöl í Víðinesi skildu foreldrar Hildar og fjölskyldan flutti til Reykjavíkur. „Skilnaðurinn var mjög mikið havarí og honum fylgdi mikið drama,“ segir Hildur, en foreldrar hennar tókust á um það hvar Hildur skyldi búa eftir skilnaðinn. „Ég lenti mikið á milli þeirra og það hafði mjög mikil áhrif á mig, enda var ég bara tíu ára,“ segir hún.

Einn daginn vaknaði Hildur og gat sig hvergi hreyft, hún var lömuð fyrir neðan mitti. „Ég var á spítala í marga mánuði og enginn vissi hvað var í gangi. Var komin í hjólastól en lá að mestu leyti fyrir. Ég hélt lengi vel að þetta hefði verið aumingjaskapur en komst seinna að því að það sem gerðist er í rauninni var að líkaminn bara slekkur á þér af því að þú höndlar ekki aðstæðurnar. Sumir missa málið eða sjónina en ég lamaðist,“ segir Hildur.

Hún fór í rannsóknir af ýmsu tagi en langan tíma tók að komast til botns í málinu. Með tímanum jókst krafturinn í fótum hennar og hún fór að geta stigið í fæturna. „Mömmu, sem var hjúkrunarfræðingur, fer að finnast þetta eitthvað skrítið og talar við félagsráðgjafa á Landspítalanum. Ég fékk einn tíma með honum og ég man þetta eins og það hafi gerst í gær,“ segir Hildur.

„Ég er að teikna og félagsráðgjafinn spyr mig hvar ég vilji eiga heima, ég segi honum að ég vilji bara eiga heima hjá Örnu vinkonu, bara til þess að særa engan. Þá uppgötvast að það var það sem var skýringin, hvernig skilnaðurinn varð stríð um mig og ég gat ekki tekið afstöðu.“

Eftir viðtalið við félagsráðgjafann fór Hildur í endurhæfingu og sjúkraþjálfun þar til hún gat gengið á ný og þegar dvölinni á sjúkrahúsinu lauk flutti hún heim til móður sinnar og bjó þar ásamt systkinum sínum.

**Notaði grín til að létta lund móður sinnar**

Lífið á heimilinu var enginn dans á rósum. Móðir Hildar þjáðist af ýmsum geðsjúkdómum og var að eigin sögn ekki gefin fyrir börn. „Mamma var klár kona og fólki líkaði mjög vel við hana, en inni á heimilinu réð hennar líðan því hvernig stemningin var. Ég hafði rétt á því að vera kát ef hún var kát en sorgmædd eða reið eða taka pláss, það var ekki pláss fyrir það, maður hreinlega átti ekki tilverurétt heima,“ segir Hildur.

„Ég og bróðir minn vorum saman í herbergi og útrásin sem ég fékk fyrir vanlíðan mína var að ég breytti alltaf herberginu okkar. Bróðir minn vissi aldrei hvar rúmið hans var þegar hann kom inn á kvöldin en ég sat uppi í glugga og hlustaði á Tracy Chapman, það var minn griðastaður,“ segir Hildur og hlær þegar hún hugsar um bróður sinn í leit að rúminu.

> ÞARNA ÁTTAÐI ÉG MIG Á ÞVÍ AÐ ÉG GÆTI FENGIÐ FÓLK TIL ÞESS AÐ HLÆJA. ÉG GAT HAFT ÁHRIF Á ÞAÐ HVERNIG MÖMMU LEIÐ MEÐ ÞVÍ AÐ SPRELLA OG KÆTA HANA.

Ástandið á heimilinu varð til þess að Hildur greip reglulega í húmorinn til þess að létta á stemningunni. Með því að segja brandara og fá móður sína til þess að hlæja fann Hildi hún gera heimilislífið bærilegra. „Þarna áttaði ég mig á því að ég gæti fengið fólk til þess að hlæja. Ég gat haft áhrif á það hvernig mömmu leið með því að sprella og kæta hana,“ segir Hildur en bætir við að grínið hafi þarna að mestu leyti átt sér stað innan veggja heimilisins.

**Breytt líf á svipstundu**

Þegar Hildur var rúmlega tvítug var hún sjálf orðin móðir og flutt að heiman. Líf hennar tók stakkaskiptum þegar annað áfall dundi yfir. „Árið 1997 missti ég litla bróður minn í slysi. Hann var úti að hjóla og varð fyrir bíl. Ég var algjör nagli þarna, setti tilfinn-




# KAUPTU MAZDA

## AFBURÐA HÖNNUN, AFL, LÚXUS OG FRÁBÆRIR AKSTURSEIGINLEIKAR

Mazda hefur notið mikilla vinsælda og trausts á Íslandi í áratugi.
Mazda hefur líka alltaf verið í farabroddi í hönnun og tækniframförum.
Þar nær japanskt hugvit og hönnun hæstu hæðum sem skilar sér í stórkostlegum bílum sem fólk elskar að keyra.
Hefur þú upplifað tilfinninguna að keyra nýjan Mazda?
Í dag er upplagt tækifæri!

***Komdu, skoðaðu og prófaðu!***

## FRUMSÝNING Í SEPTEMBER
## NÝR MAZDA CX-30

Mazda CX-30 er nýr bíll í jeppalínu Mazda og kemur sem viðbót við CX-3 og CX-5 sem hafa slegið í gegn á Íslandi. Hönnunin er fullkomin og aksturseiginleikarnir framúrskarandi.
M Hybrid tækni og sérlega ríkulegur staðalbúnaður.
Sannkallaður lúxus að utan sem innan.
Fáanlegur bæði framdrifinn eða fjórhjóladrifinn.

Verð frá: 4.050.000 kr.



**KOMDU OG UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU!**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík | Bíldshöfða 8 | Sími 515 7000    Brimborg Akureyri | Tryggvabraut 5 | Sími 515 7050    mazda.is

ingar mínar í poka og geymdi þær, svo bara sprellaði maður yfir það,“ segir Hildur.

Slysið hafði mikil áhrif á Hildi og fjölskyldu hennar og segir hún að margt hafi breyst í kjölfarið. „Slysið minnti mig á það hversu lítið þarf til og ég varð í kjölfarið mjög passasöm með Sindra, strákinn minn,“ segir Hildur.

„Svo á ég það líka til að halda æsingsræður yfir börnum og fullorðnum sem ekki eru með hjálm á hjóli,“ bætir hún við. Valli, bróðir Hildar, var ekki hjálm þegar slysið varð og telur hún að það hefði getað skipt sköpum. „Það er samt alltaf eitthvað sem kemur út úr hlutunum og hann er örlagavaldur í því að lög um hjálmaskyldu voru sett á. Svo gáfum við líffærin hans sem varð til þess að fimm manneskjur fengu að lifa vegna hans,“ segir Hildur.

### Varð kaupfélagsstjóri

Eftir andlát Valla flutti Hildur á Borgarfjörð eystri og segir hún tímann þar hafa verið dásamlegan. Þar eignaðist hún vini og fjölskyldu ásamt því að starfa á ýmsum vettvangi.

„Stjúpföður mínum bauðst vinna á Borgarfirði eystri sem skólastjóri, og hann vildi ekki fara nema að vera búinn að ráða í allar kennarastöðurnar í skólanum. Hann réð þess vegna mig og barnsföður minn. Ég náttúrulega lesblind, veit ekki alveg hvernig mér datt í hug að segja já við þessu en ég sem sagt varð umsjónarkennari í 10 ára bekk heilan vetur og ég kenndi líka myndmennt, ég kann ekki að teikna Óla prik,“ segir Hildur og hlær.

Hún vann einn vetur í skólanum, fór svo á leikskólann, vann í fiski og tók svo að endingu við kaupfélaginu. „Það að vera kaupfélagsstjóri er skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið,“ segir Hildur og ljómar af gleði.

„Þetta var æðislegt og þarna kynntist ég minni bestu vinkonu, henni Jóffu, og manninum hennar, Óla. Þau eru eins og auka mamma og pabbi fyrir mig,“ segir Hildur. „Þau tóku mig hálfpartinn að sér þegar ég skildi við barnsföður minn og hjá þeim var ég alltaf velkomin. Þetta er eini staðurinn í veröldinni sem ég hef getað komið á, hent mér upp í sófa og sofnað, vaknað svo með teppi sem einhver hafði breytt yfir mig. Það hafði ég aldrei upplifað áður. Þarna var bara einhver sem sá um mig og því var ég ekki vön.“

### Uppistandið

Hildur hefur starfað sem uppistandari í rúman áratug. Hún segist hafa haft gaman af því að koma fólki til að hlæja alveg frá því að hún áttaði sig á því að þannig gæti hún kætt móður sína á erfiðum dögum.

„Ég áttaði mig á því að þetta væri eitthvað sem mig langaði að gera í kringum árið 2007. Þá var ég að vinna í Vodafone og við fengum leikstjóra til þess að hjálpa okkur að setja upp söngleik fyrir árshátíðina,“ segir Hildur.

„Þá fattaði ég að ég er tilbúin að gera ótrúlegustu hluti ef þeir þjóna tilgangi. Ef leikstjórinn hefði sagt mér að pissa í buxurnar af einhverri ástæðu þá hefði ég gert það. Eða ef ég hefði átt að gráta eftir pöntun þá hefði ég líka gert það, þarna fattaði ég að ég gæti það,“ bætir hún við.

„Yfirmaður minn í Vodafone var alltaf að láta mig setja mér markmið um ýmislegt og árið 2009 þá setti ég mér það að markmiði að prufa uppistand áður en árið væri á enda. Svo þegar fór að nálgast árslok kom hún aftur til mín og spurði hvernig gengi með þetta markmið. Ég var auðvitað ekkert búin að gera en hún réð mig á staðnum til þess að vera með uppistand á foreldrakvöldi hjá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna,“ segir hún.

Hildur sló til, samþykkti að koma fram og hófst handa við að semja uppistandið. „Ég samdi einhverja bölvaða vitleysu sem var ekkert fyndin og ég áttaði mig á því þegar ég prufukeyrði uppistandið á vinkonu minni kvöldið áður svo að ég breytti því og prófaði á annarri og enn var það ekkert fyndið en svo var komið að þessu og ég bara varð að láta vaða.“

### Bara góðar

Uppistandið gekk vel og fljótlega spurðist út að Hildur væri uppistandari. Hún fór að fá beiðnir um að skemmta úr ýmsum áttum og naut þess að koma fram. Nokkrum árum síðar fór hún á uppistandsnámskeið hjá Þorsteini Guðmundssyni til þess að læra enn meira í faginu. „Þar kynntist ég Kristínu Maríu vinkonu minni. Hún er svo viðbjóðslega fyndin og nokkru síðar varð til hópurinn Bara góðar,“ segir hún.

Hildur hefur ásamt vinkonum sínum í uppistandshópnum Bara góðar komið fram allan síðasta vetur. Í hópnum eru fimm konur á ólíkum aldri sem allar eru uppistandarar. Þær hafa ferðast um landið og troðið upp meðal annars á Akureyri og á Selfossi ásamt því að hafa fyllt Þjóðleikhúskjallarann helgi eftir helgi.

„Við náum svo vel saman og það sem við erum allar sammála um er að við tökum þetta alvarlega. Við erum undirbúnar, við berum virðingu fyrir áhorfendunum okkar og þetta er ekki eitthvað sem við drögum bara upp úr rassvasanum, þetta er mikil vinna,“ segir Hildur.

### Missti tökin

Síðastliðin ár hefur Hildur unnið mikið. Hún er sölustjóri hjá Optima ásamt því að vera á fullu í uppistandinu, á tímabili var hún í fimm störfum og var undir miklu álagi. Einn daginn áttaði hún sig á því að hún var farin að neyta áfengis á næstum hverjum degi.

„Ég var að gera upp baðherbergið mitt, sem er alveg hræðilegt að gera. Ég var alltaf að fá vini og kunningja til að hjálpa mér með það sem ég gat ekki gert sjálf og ég passaði mig alltaf að eiga vín. Bauð fólki upp á bjór og svona á meðan það hjálpaði mér en svo endaði með að ég drakk þetta bara sjálf og mér leið alveg súper vel, að ég hélt. Svo var ég allt í einu bara farin að drekka á hverjum degi eftir vinnu og þetta var farið að stjórna mér alveg. Ég var farin að fá mér hvítvínsglas með uppvaskinu eins og það væri svakalega huggulegt. Ég hef aldrei vaskað svona mikið upp,“ segir hún kímin.

### Skilaboð frá syninum

Það tók Hildi langan tíma að sjá hvernig áfengið tók að miklu leyti yfir líf hennar. Hún var farin að einangrast, peningarnir voru að klárast og sonur hennar var ekki sáttur við ástandið. Einn daginn sendi hann móður sinni skilaboð sem höfðu djúp áhrif á Hildi. „Ég drakk alltaf hvítvín úr beljum af því að það glamrar svo mikið í flöskunum þegar maður er að fara að skila þeim, svo það er ekki auðvelt að losa sig við líkin. Ég tók svo beljurnar í sundur, flokkaði skynsamlega í endurvinnslu, tók plastið frá, braut svo saman pappann á röngunni og setti ofan í pappírstunnurnar. Allt til að fela,“ segir Hildur.

„Einn daginn bað ég svo Sindra að fara út með ruslið þegar ég fór í vinnuna. Þegar ég kom til baka var hann búinn að taka allar beljurnar sem hann fann í pappatunnunni og raða þeim eldhúsborðið. Ofan á þær setti hann svo bréfin frá Momentum og öðrum innheimtufyrirtækjum, sem ég hafði fengið af að því ég gat ekki borgað reikninga, það er svo svakalega dýrt að drekka svona mikið. Svo skrifaði hann miða sem hann setti efst á hrúguna og þar stóð: Hver er forgangsröðunin?“ heldur Hildur áfram.

> ÉG VAR FARIN AÐ FÁ MÉR HVÍTVÍNSGLAS MEÐ UPPVASKINU EINS OG ÞAÐ VÆRI SVAKALEGA HUGGULEGT. ÉG HEF ALDREI VASKAÐ SVONA MIKIÐ UPP.

### Fannst gaman á Vogi

Skilaboðin frá Sindra höfðu áhrif á Hildi en það tók hana tíma að takast á við vandamálið. „Fyrst gekk ég bara frá á eldhúsborðinu og minntist ekkert á þetta, ég var ekki tilbúin í þetta verkefni,“ segir hún.

„En svo þegar leið á og pot fóru að koma úr hinum og þessum áttum fattaði ég að ég varð að díla við þetta,“ segir Hildur. Hún byrjaði á því að fara í morgunmeðferð hjá Von, en áttaði sig fljótt á því að hún þyrfti að fara í innlögn á Vog.

„Ég vildi alls ekki fara á Vog, fannst það sko ekki vera fyrir mig. Það var bara fyrir fyllibyttur. En ég fór og þetta er yndislegur staður. Ég hefði aldrei trúað þessu, þetta var æði!“ segir Hildur og brosir sínu breiða brosi.

„Maður er bara þarna eins og lítið barn, vaknar á morgnana og fær sér að borða, það er ekkert utanaðkomandi áreiti og fólkið sem ég kynntist þarna er bara snillingar. Það var mikið hlegið og þetta var bara stórkostlegt,“ segir Hildur og bætir við að inni á Vogi hafi hún séð hversu stórt vandamál hennar var og ákveðið að taka það föstum tökum.

„Ég tók þann pól í hæðina með hjálp vinkonu að líta á þetta þannig að ég sé ekki að tapa neinu, ég er bara að græða. Ég minni mig á þetta reglulega og sé þetta skýrt þegar ég horfi til dæmis á samskipti mín við son minn, þau eru allt önnur, félagslega er ég miklu betur stödd og ég skammast mín ekki fyrir það að vera eins og ég er. Mér finnst ég vera að setjast í skinnið mitt og það er miklu meiri ró yfir mér. Svo græddi ég það að læra að standa með minni eigin tilfinningu,“ segir Hildur að lokum og stoltið í röddinni leynir sér ekki.



Hildur fór á Vog fyrir tæpu ári og segir hún tímann þar yndislegan. Þar kynntist hún frábæru fólki sem allt var á svipuðum stað í lífinu og allir voru jafnir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# POTTURINN STEFNIR Í

# 125

# MILLJÓNIR

Lottó

LEIKURINN OKKAR



Ásgeir hefur bæði verið stimplaður langt til hægri og vinstri í gegnum tíðina. Sem hagfræðingur telur hann sig hafinn yfir pólitíska hugmyndafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ekki samur eftir systurmissinn

Þrátt fyrir að vera ekki orðinn fimmtugur hefur **Ásgeir Jónsson** persónulega reynslu af flestum þáttum íslensks atvinnulífs. Jafnframt hefur hann þurft að kljást við margar áskoranir í lífi sínu og var systurmissirinn sárastur.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Blaðamaður heimsótti nýskipaðan seðlabankastjóra á síðasta degi hans í Háskóla Íslands. Á skrifstofu Ásgeirs Jónssonar sést greinilega hvar áhugamálin liggja, því þar eru ógrynni af bókum upp um alla veggi, á borðum og meira að segja gólfinu, margar mjög gamlar. Ásgeir segist safna fornbókum og að sagnfræði, bókmenntir og íslenska séu hans ástríða.

„Ég varð seint læs, átta eða níu ára gamall,“ segir Ásgeir. „Ég les öðruvísi en flestir, sé orðin eins og myndir. Mögulega er þetta tegund lesblindu en ég hef aldrei fengið greiningu. Mér gekk ekki vel þegar ég byrjaði í skóla og ég þráði heitt að geta lesið. Einn daginn, þegar ég fletti bók, náði ég loks samhenginu í stafrófinu – og gat lesið. Raunar svo að ég hef náð mjög miklum lestrarhraða sem hefur hjálpað mér mikið í námi og starfi.“

Ásgeir er fæddur í Ási í Noregi árið 1970, annar í röð sex systkina hjónanna Jóns Bjarnasonar og Ingibjargar Kolka Bergsteinsdóttur en Jón var þá við búfræðinám. Til ellefu ára aldurs ólst Ásgeir upp á Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi þar sem foreldrar hans stunduðu búskap og síðar á Hólum í Skagafirði þar sem Jón var skólastjóri.

„Bjarnarhöfn liggur fjarri annarri byggð og ég lék mér mikið einn eða við dýrin, ég hef ábyggilega verið skrýtið barn,“ segir Ásgeir og brosir. „Við vorum með 700 kindur og við gengum með foreldrum okkar til verka. Þetta var hlunnindajörð með eyjum og við veiddum grásleppu, sel og lunda.“ Eins og margir bændasynir velti Ásgeir því fyrir sér að stunda sjálfur búskap í framtíðinni en bækurnar toguðu í hann. Árið 1981 fluttist fjölskyldan til Hóla í Hjaltadal. Hólar virðist hafa verið tilvalinn staður fyrir hann – og Ásgeir hefur á orði að í Skagafirðinum sé sterk þjóðleg menning. Þrettán ára fór hann á heimavist í Varmahlíð og sextán í Menntaskólann á Akureyri þaðan sem hann útskrifaðist 1990.

### Lærði um lífið á spítalanum

„Ég vissi ekkert hvað ég vildi gera eftir stúdentspróf,“ segir Ásgeir. „Ég sé raunar sjálfan mig oft í krökkunum sem koma hingað á háskóladeginum og þurfa að velja sér háskólanám.“ Að lokum varð líffræði fyrir valinu en Ásgeir hætti eftir aðeins eina önn. Þá ákvað hann að verða læknir og til undirbúnings fékk hann starf sem sérhæfður aðstoðarmaður á Landspítalanum.

Ásgeir segist hafa öðlast dýrmæta reynslu á spítalanum og að allir ættu einhvern tímann að starfa við umönnun. „Þetta var afar mennskt og líkamlegt starf og ég lærði um lífið sjálft á spítalanum. Það var einnig aðdáunarvert að kynnast langveiku fólki sem hafði lært að sætta sig við sjúkdóminn. Það var mikil reisn yfir því.“

**HANN HAFÐI FENGIÐ NÓG AF GAMLA HAGFRÆÐINGASTÓÐINU HJÁ ASÍ OG VILDI FÁ „FOLALD“. ÞETTA FOLALD VAR SEM SAGT ÉG.**

Þrátt fyrir þetta hætti Ásgeir við að fara í læknisnám. Hann óttaðist að vera of klaufskur til þess að skera eða sauma fólk, og jafnframt fannst honum læknisnámið vera of sérhæft. Leitin að framtíðarstarfinu hélt áfram og í millitíðinni fór hann á sjóinn sem háseti hjá Fiskiðjunni í Skagafirði.

„Ólíkt aflakóngum víða um land þá hugsuðu Skagfirðingar fyrst og fremst um vinnsluna en ekki skipin. Ég sigldi því á einum elsta togara landsins. Þessi stefna átti eftir að gera Fiskiðjuna að einu fremsta útgerðarfyrirtæki landsins síðar meir.“ Hann var eitt ár á sjónum og starfið átti mjög vel við hann. „Ég verð aldrei sjóveikur – líklega vegna þess að ég er með svo lélegt jafnvægisskyn og þoldi veltinginn. En þegar ég hef prófað til dæmis jóga, þá verð ég mér til skammar því ég get varla staðið á öðrum fæti,“ segir Ásgeir og hlær. Ég er annars ættaður af Ströndum – forfeður mínir hafa stundað sjóinn mann fram að manni. Mér fannst mér ég alltaf hafa verið fæddur sjómaður. „Það var einstakt að vera á Íslandsmiðum. Ég man eftir mörgum ógleymanlegum vöktum á rúmsjó. Maður fær aðra sýn á þorpin, að koma siglandi að höfnunum.“ Það var á sjónum sem Ásgeir ákvað að nema hagfræði og fann loks fjölina sína.

### Folald Gvendar Jaka

Árið 1994 var Ásgeir nýútskrifaður hagfræðingur og fékk starf hjá verkalýðsfélaginu Dagsbrún. Á þeim tíma hafði formaðurinn Gvendur jaki klofið ASÍ og stofnað Flóabandalagið svokallaða. Það stefndi í verkfall sem hefði lokað landinu, bæði höfnum og flugvöllum. Ásgeir segir verkalýðsforingjann hafa verið ógleymanlega persónu. „Hann hafði fengið nóg af gamla hagfræðingastóðinu hjá ASÍ og vildi fá „folald“. Þetta folald var sem sagt ég,“ segir Ásgeir brosandi. „Ég var aðeins 23 ára krakki, með enga reynslu og leist ekkert á blikuna. En þeir hjá Dagsbrún kölluðu mig alltaf háskólamanninn og settu mikla ábyrgð á mig sem þeir voru fullvissir um að ég réði við – þó ég sjálfur hefði efasemdir.“

Ásgeir var settur í fremstu víglínu áróðursstríðsins gegn Vinnuveitendasambandinu og á kvöldin kom hann oft heim ákveðinn í því að hætta og segja upp. Á endanum tókst þó að lenda góðum kjarasamningum.

„Það var gaman að kynnast verkalýðshreyfingunni að innan. En mér var sagt að ég myndi aldrei fá vinnu eftir þetta því ég yrði stimplaður sem kommi,“ segir Ásgeir. „Það loddi við mig í einhvern tíma eftir þetta.“

*En hvar í hinu pólitíska rófi stendur Ásgeir?*

„Þeir sem eru lengi í hagfræði telja sig vera hafna yfir pólitíska hugmyndafræði,“ segir hann. „Ég geri það líka. Mér finnst merkilegt að hafa á sínum tíma verið kallaður kommúnisti en núna öfgasinnaður frjálshyggjumaður. Sjálfur tel ég mínar skoðanir ekki mikið öðruvísi en flestra annarra í minni stétt.“

Faðir Ásgeirs var bæði þingmaður og ráðherra Vinstri grænna og ekki hægt að sleppa því að nefna hann í tengslum við stjórnmálaskoðanir.

„Það er gott á milli okkar feðga. Við höfum alltaf borið gagnkvæma virðingu hvor fyrir öðrum þó að við höfum ekki alltaf verið sammála um öll málefni,“ segir Ásgeir. „Í stjórnmálum erum við sammála



PIER
MANHATTAN sófi. 220 x 90 x H77 cm.
189.900 kr.
BIZERTE . hliðarborð tvö saman
19.990 kr.
MANHATTAN skemill. 99 x 99 x H47 cm.
59.900 kr.
TAX FREE
AF ÖLLUM VÖRUM*
MARBRE hliðarborð.
9.990 kr.
ZABAR hliðarborð.
6.990 kr.
GISELE vasi. H30cm
4.990 kr.
DEHAAT myndarammi.
2.490 kr.
MIDAS ilmkerti.
2.490 kr.
TUILERIES spegill. 80 x 100 cm.
24.900 kr.
CARTE bókabox 2 stærðir.
2.990 kr. / 1.990 kr.
VEFVERSLUN
WWW.PIER.IS
NULATO hreindýrahöfuð
44x18x47 cm. 6.990 kr.
TORONTO sófi 230x94x67cm
149.900 kr.
A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME
www.pier.is
AFSLÁTTURINN NEMUR 19,36% SEM VERSLUNIN SJÁLF VEITIR OG ER GREIDDUR FULLUR VIRÐISAUKI AF SÖLUNNI
Þetta tilboð gildir til 28. ágúst *Gildir ekki með öðrum tilboðum.
KORPUTORG
LAU. OG SUN. 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30
SELFOSS
LAU. OG SUN. 10-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

um suma hluti en við höfum tekið mismunandi pól í hæðina varðandi annað. Við tökum okkar sjálfstæðu ákvarðanir og reynum ekki að snúa hvor öðrum. Ég nálgast hlutina út frá hagfræðimenntun minni en hann er meiri sveitamaður og rómantíker, sem er ekkert verra. Hann hefur stundum gefið mér ráð sem hann hefur sjálfur ekki farið eftir, eins og að taka ekki of eindregna afstöðu á opinberum vettvangi,“ segir Ásgeir og glottir við tönn.

**Fimm ára talþjálfun**

Eftir tímann hjá Dagsbrún ritstýrði Ásgeir efnahagstímaritinu Vísbendingu um stund og hélt svo til Bandaríkjanna í doktorsnám. Á þessum árum eignaðist hann líka börnin sín þrjú með þáverandi eiginkonu sinni, Gerði Bolladóttur. Ásgeir var ákveðinn í að fara alla leið í hagfræðinni og gerast háskólamaður. En þegar hann hóf að kenna nemendum í háskóla í Indiana-fylki kom upp vandamál.

„Frá því að ég var barn átti ég í vandræðum með að tala. Ég stamaði mjög mikið og varð fyrir töluverðu aðkasti vegna þess. Þetta háði mér enn þá meira þegar ég þurfti að tala ensku við hóp nemenda og ég rakst á vegg,“ segir hann.

Ásgeir var á styrk hjá háskólanum og var ákveðið að senda hann í talþjálfun hjá Indiana Speech and Hearing, sem að sögn hans er meðal þeirra fremstu í heiminum. Varð hans þjálfun að nokkurs konar tilraunaverkefni fyrir nemendur skólans.

„Ég þarf einhvern tímann að senda skattborgurum í Indiana-fylki þakkarbréf fyrir að hafa borgað bæði hagfræðimenntunina og talþjálfunina fyrir mig,“ segir Ásgeir í gamni. „Vegna þessarar þjálfunar náði ég að mestu leyti að vinna bug á staminu – en það kostaði mikla vinnu. Ég tel sjálfur að það hafi ekki háð mér í þeim verkefnum sem ég hef síðan tekið að mér – og hef aldrei viljað nota þetta til þess að afsaka sjálfan mig.“

**Skilur reiðina**

Ásgeir var áberandi á árunum í kringum bankahrunið, en þá var hann aðalhagfræðingur í greiningardeild Kaupþings og áberandi í fjölmiðlum. Ásgeir segist aldrei hafa stefnt á feril í banka en árið 2003 var hann beðinn að taka að sér starfið, þá 33 ára.

„Þegar ég kom inn var búið að selja bankana og útrásin hafin,“ segir Ásgeir. „Mörg útrásarverkefni höfðu heppnast og stór alþjóðleg fyrirtæki sprottið upp eins og Bakkavör, Actavis, Marel og Össur. Þetta voru öflug rekstrarfélög og gekk vel.“ Hann segir að bankarnir hafi hitt á eins konar töfrastund. Árið 2000 sprakk hlutabréfabólan ytra og fyrstu íslenskur yfirtökurnar voru því á mjög hagstæðu verði. Aukinheldur hækkaði lánshæfi landsins upp í AAA árið 2002. Þannig skilaði útrásin undraverðum árangri í byrjun.

„Það var ungt fólk sem stóð að útrásinni, mín kynslóð, fólk sem var að útskrifast úr háskólanum á sama tíma og EES-samningurinn tók gildi 1994 og landið opnaðist. Þau tóku yfir stjórn bankanna og fyrirtækjanna,“ segir hann.

Hjá Kaupþingi sá Ásgeir meðal annars um að gera þjóðhagsspár. „Íslenska hagkerfið hefur svo margoft farið í gegnum öldudali – þar sem allar uppsveiflur hafa endað með gengisfalli og verðbólguskoti. Það sá ég svo sem alveg fyrir sem og að það yrði samdráttur á fasteignamarkaði. En þegar ég lít til baka átta ég mig á að bæði ég sjálfur og flestir aðrir voru frekar bláeygir á stöðu bankanna og hina miklu skuldsetningu sem hafði grafið um sig í atvinnulífinu.“ Vandann segir hann hafa hafist þegar útrásin hætti að snúast um uppbyggingu rekstrarfélaga eftir 2004 en snerist að því að koma á fót fjármálamiðstöð. Það gat landið engan veginn borið.

Eftir að Ásgeir var skipaður í Seðlabankann hafa sumir rifjað upp



Ásgeir og Helga byrjuðu að stinga saman nefjum fyrir ári og búa nú í Laugarneshverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ÞAÐ VAR ALVEG HRÆÐILEGT AÐ SJÁ HVERNIG SJÚKDÓMURINN TÓK ALLT FRÁ ÞESSARI UNGU, FALLEGU OG HRAUSTU KONU. SJÓNINA, HREYFIGETUNA OG SÍÐAN LÍFIÐ SJÁLFT.

þennan tíma á ferli hans með gagnrýnum augum. Ásgeir segist skilja þær raddir.

„Ég held að ekkert okkar sem vorum í hringiðunni í kringum hrunið séum söm á eftir og ég hefði viljað standa öðruvísi að mörgum málum – eftir á að hyggja,“ segir hann. „Það vilja allir sem að þessu komu. Í hugum margra var ég andlit Kaupþings og ég skil reiðina vel. Ég sjálfur álít að þessi reynsla sé mjög verðmæt fyrir mig sem seðlabankastjóra – ég þekki nú fullvel þau víti sem þarf að varast.“

Þrátt fyrir skipbrot bankanna telur Ásgeir að útrásin hafi ekki verið alslæm. Það sem eftir stendur er að Íslendingar náðu að byggja upp stór alþjóðleg fyrirtæki sem enn eru starfrækt. Þá hafi stjórnvöld staðið vel að enduruppbyggingunni á árunum eftir hrunið og aðgerðir eins og neyðarlögin hafi gefið tækifæri á að endurfjármagna atvinnulífið. „Þjóðin öll dró mikinn lærdóm af hruninu, fyrirtækin, stjórnmálin og almenningur, og við erum mun varkárari en áður. Þetta sést hvað best á því hvernig fyrirtæki eru rekin í dag, með minni skuldsetningu og meiri fagmennsku.“

**Fyrirvaralaust áfall**

Ásgeir tók þátt í því að endurreisa Arion banka úr rústum Kaupþings. En fertugur ákvað hann að segja skilið við fjármálageirann, að miklu leyti vegna systur sinnar, Katrínar Kolku, sem var þá orðin veik af krabbameini. Katrín lést árið 2011, aðeins 28 ára gömul, frá eiginmanni og ungum syni. Ásgeir segir að sjúkdómurinn hafi ágerst mjög hratt.

„Þeim mun yngra sem fólk fær krabbamein, því hraðar gengur sjúkdómurinn fyrir sig. Hún greindist, gekkst undir meðferð og virtist vera læknuð. En síðan tók meinið sig upp aftur og hún fór á aðeins hálfu ári,“ segir hann. „Það var alveg hræðilegt að sjá hvernig sjúkdómurinn tók allt frá þessari ungu, fallegu og hraustu konu. Sjónina, hreyfigetuna og síðan lífið sjálft.“

Það tekur auðsjáanlega á að rifja upp þennan tíma. „Þetta var mikið og fyrirvaralaust áfall sem tók á alla fjölskylduna. Katrín hafði alltaf verið mjög hraust og fór betur með sig en flestir aðrir,“ segir Ásgeir. „Hvorki foreldrar mínir né systkini urðu söm á eftir og við höfum haldið betur saman eftir þetta. Þú ferð að skilja betur hvað skiptir máli í lífinu, eftir svona missi.“

Þegar ungt foreldri fellur frá er hætta á að tengsl barnsins við þann hluta fjölskyldunnar minnki. Ásgeir segir að faðir hans hafi upp frá þessu lagt höfuðáherslu á að styrkja rétt barna sem missa foreldri, því löggjafinn hafi skilgreint réttinn út frá foreldrum en ekki barni. Stórfjölskylda Ásgeirs hefur einnig haldið góðu sambandi við son Katrínar og eru hann og sonur Ásgeirs mjög nánir.

Ásgeir býr í Laugarneshverfinu ásamt unnustu sinni, Helgu Viðarsdóttur. Helga er viðskiptafræðingur og fædd árið 1974 á Akranesi. Þau byrjuðu að stinga saman nefjum fyrir sléttu ári en hún á fyrir tvö stálpuð börn.

Helga rekur Spakur Finance sem er ráðgjafarfyrirtæki á sviði fjármögnunar fyrirtækja, aðallega sprota. Hún situr jafnframt í stjórnum félaga og lífeyrissjóðsins Lífsverks.

ÉG HELD AÐ EKKERT OKKAR SEM VORUM Í HRINGIÐUNNI Í KRINGUM HRUNIÐ SÉUM SÖM Á EFTIR OG ÉG HEFÐI VILJAÐ STANDA ÖÐRUVÍSI AÐ MÖRGUM MÁLUM – EFTIR Á AÐ HYGGJA.

**Í tímabundnu leyfi**

Ásgeiri finnst auðsjáanlega ekki auðvelt að kveðja Háskóla Íslands, en þar hefur hann starfað sem dósent og forseti hagfræðideildar. Hann samdi því um leyfi og mun snúa aftur eftir að embættistíð hans sem seðlabankastjóra lýkur. Ásgeir segir að störfin í háskólanum hafi gengið vel og nemendafjöldi í hagfræðideild hafi tvöfaldast í hans tíð sem deildarforseta.

Að mati Ásgeirs eru háskólar sérstakir vinnustaðir og fólk sæki í þá vegna hins akademíska frelsis. Það er þó ekki alltaf friðsælt – enda eru það oft mörg stór egó sem takast á, segir hann.

Kennslan sjálf á vel við Ásgeir en ástríðan liggur í fræðilegum skrifum og hyggst hann gera meira af því í framtíðinni. Hann segir að Seðlabankinn hafi verið eina starfið sem hefði getað togað hann úr háskólanum.

„Ég er menntaður í peningamálahagfræði og þetta er mitt fag. Í raun ættu allir peningamálahagfræðingar að vilja vera seðlabankastjórar,“ segir Ásgeir sem ákvað að sækja um embættið í janúar síðastliðnum. „Í ljósi reynslu minnar og menntunar tel ég mig hafa margt fram að færa til þessarar þjónustu við þjóðina. En ég lít svo á að ég verði þar aðeins í takmarkaðan tíma.“

**Peningastefna ekki einkamál hagfræðinga**

Sagt hefur verið að sá sem sitji í stól seðlabankastjóra sé sá valdamesti á landinu. Ásgeir vill þó ekki meina að svo sé enda séu völdin takmörkuð á mörgum stigum, til dæmis við ákvörðun stýrivaxta. Hann segir jafnframt að tilgangur bankans, að halda stöðugleika í fjármálakerfinu og peningamálum, sé mikilvægur en utanaðkomandi þættir í samfélaginu, svo sem ákvarðanir stjórnvalda og kjarasamningar, geti haft meiri áhrif en aðgerðir bankans sjálfs. Góð peningastefna sé hins vegar algerlega nauðsynleg til að passa upp á jafn lítinn gjaldmiðil og krónan er.

Fyrsta verkefnið sem Ásgeir fær upp í hendurnar er að sameina Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið og í raun verður til ný og stærri stofnun með meiri slagkraft. Ásgeir bendir á að hann hafi víðtæka reynslu sem stjórnandi en hann komi ekki inn með ósveigjanlega stefnu heldur muni hann vinna í samstarfi við þá sem eru fyrir í bankanum. Ýmsar breytingar þurfi þó að gera í bankanum, til dæmis að auka gagnsæi.

„Nútíma peningastefna kallast á við lýðræðið í landinu. Á hinum Norðurlöndunum sjáum við að starf seðlabanka hefur fallið mjög vel inn í samfélagssáttmálann. Það hefur ekki tekist nægilega vel hér,“ segir Ásgeir. „Peningastefna á ekki að vera einkamál hagfræðinga heldur þarf þjóðin að sjá hvað er verið að gera í bankanum og af hverju.“

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 24. ÁGÚST 2019



Tónlistarhátíð Vírdós verður haldin á Höfn um næstu helgi. Þar koma ýmsir tónlistarmenn fram, en hátíðin er tileinkuð óvenjulegum hljóðfærum sem eru smíðuð, sýnd og notuð á hátíðinni. 4






Fannar Snær og Hildur hlakka til dagsins. Þau eru með allt klárt fyrir vöfflubaksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Bjóða þjóðinni í vöfflur í sjöunda skipti

Hjónin Hildur Sveinsdóttir og Fannar Snær Harðarson láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Þau ætla að bjóða þjóðinni upp á kaffi og vöfflur á heimili sínu í sjöunda skiptið í dag, á Menningarnótt. 2

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Hildur og Fannar Snær hafa lengi búið í miðbænum. Hún segist hlakka mikið til að taka á móti gestum í garðinn og allt sé tilbúið fyrir daginn. Þau hjónin búa í gömlum steinbæ að Bjargarstíg 17 sem nefnist Heilmannsbær. Þangað fluttu þau haustið 2011. Auðvitað vonast allir eftir að veðrið verði frábært í dag.

„Við vorum með fyrsta vöfflukaffið fyrir almenning árið 2012 og höfum verið með það allar götur síðan utan 2017. Þetta er því í sjöunda skiptið sem við bjóðum gestum í garðinn. Við áttum heima á öðrum stað í Þingholtunum þegar við byrjuðum á þessu árið 2009 en þá buðum við einungis fjölskyldu og vinum í lítinn bakgarð sem við vorum með þá. Þegar við fluttum á Bjargarstíginn fengum við stærri garð og gátum tekið á móti fleira fólki," segir Hildur. „Okkur langaði til að vera með í því að bjóða heim enda þægilegt þar sem við erum í miðbænum," bætir hún við.

Það var borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson og kona hans, Arna Dögg Einarsdóttir, sem buðu gestum Menningarnætur fyrst upp á vöfflur á heimili sínu við Óðinsgötu árið 2008. Vöfflukaffið vatt upp á sig og fleiri fjölskyldur tóku upp þennan skemmtilega sið. Höfuðborgarstofa hefur auglýst eftir íbúum sem vilja taka þátt og leggur þeim til hráefni. Borgarstjóri tók ekki vaktina í fyrra vegna veikinda og verður ekki heldur með núna. Sumar fjölskyldur hafa ekki látið sér nægja að baka vöfflur ofan í fjölda fólks heldur boðið jafnframt upp á tónleika.

## Atería með tónleika

Dóttir Hildar og Fannars, Fönn, leikur á trommur með hljómsveitinni Ateríu. Hljómsveitin var sigurvegari á úrslitakvöldi Músíktilrauna í fyrra. Þá var Fönn aðeins tólf ára. Hljómsveitin ætlar að troða upp í garðinum eftir vöfflukaffið sem stendur frá kl. 14-16. Með Fönn í hljómsveitinni eru systurnar Ása og Eir Ólafsdætur en þær eru frænkur Fannar. Það verður aldeilis spennandi að hlýða á þessar ungu stúlkur sem hafa þegar getið sér gott orð í músíkinni. Tónleikarnir hefjast kl. 17.

Þegar Hildur er spurð hvort það sé ekki svolítið skrítið að taka á móti fullt af ókunnugu fólki og bjóða því upp á kaffi og vöfflur, svarar hún því neitandi. „Það er mjög skemmtilegt. Við erum með þetta úti á palli sem er þægilegt. Húsið okkar er lítið og ég gæti ekki tekið á móti mörgum inn í það," segir hún. Heilmannsbær, þar sem fjölskyldan býr, var byggður á árunum 1879-1885. Fyrsti eigandi hússins var Jóhann V. Heilmann og er bærinn kenndur við hann. Húsið var friðað árið 2011. Það er því hægt að virða fyrir sér húsið þegar fólk kemur í vöfflukaffið.



Fjölskyldan í skemmtilegu umhverfi. Hildur, Fönn, Freyja og Fannar. Þau taka öll þátt í deginum og Fönn verður með tónleika í garðinum.

> Það myndast oft röð út á götu og það kemur alls konar skemmtilegt fólk til okkar og allir eru sérlega þakklátir.
>
> **Hildur Sveinsdóttir**

## Röð út á götu

„Það myndast oft röð út á götu og það kemur alls konar skemmtilegt fólk til okkar og allir eru sérlega þakklátir," segir Hildur. Hún hefur venjulega útvegað fjögur til sex vöfflujárn fyrir baksturinn. „Við erum stanslaust að baka í þessa tvo tíma og fjölskyldan hjálpast að við þetta. Einnig fáum við vini og ættingja til að hjálpa okkur, tveir baka vöfflurnar, aðrir þeyta rjómann, svo þarf að hræra deigið og passa upp á kaffi og aðra drykki. Þannig að þetta er heilmikið fyrirtæki, talsverð vinna en hún er skemmtileg," upplýsir hún. „Það hafa verið upp undir 400 manns sem hafa mætt í garðinn til okkar. Ég fæ alltaf lánaða kaffivél hjá leikskólanum Grænuborg en þar starfaði ég einu sinni. Leikskólastjórinn hefur verið svo vinsamlegur að lána könnuna á hverju ári."



Fjölskyldan fyrir framan gamla steinbæinn þar sem þau búa við Bjargarstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Öflug prjónakona

Hildur segist hafa gaman af því að baka en vöfflubakstur sé eiginlega bara einu sinni á ári. „Ég er meira í kökunum en matargerð," segir hún en þess má geta að Hildur er öflug prjónakona og hefur mjög mikla ánægju af prjónaskap enda starfar hún hjá Handprjónasambandinu. Þar tekur hún á móti prjónakonum, fær afhentar peysur og sinnir gæðaeftirliti. „Sjálf prjóna ég aðallega peysur, sjöl, húfur og vettlinga. Prjónar hafa verið áhugamál hjá mér frá því ég var krakki," segir hún en Hildur hefur prjónað á dæturnar, Fönn og eldri systur hennar, Freyju. Fannar starfar hins vegar sem forritari.

## Vonast eftir góðu veðri

Hildur vonast til að það verði gott veður í dag þegar vöfflubaksturinn hefst. Hún segir að það hafi rignt einu sinni en þá settu þau upp tjald. Hún vonast til að þess þurfi ekki í dag. „Ég held að þetta verði mjög skemmtilegt í dag og ég hlakka mikið til að fá gestina," segir hún.

Hildur er að klára sumarfríið um helgina og segist hafa ferðast um landið. „Við leigðum hús á Suðureyri og vorum þar í viku. Það var mjög gaman. Svo máluðum við húsið okkar en við tímum ekki að missa af íslenska sumrinu." Þar sem þau búa í gömlu húsi þarf alltaf að vera að dytta að en bæði hjónin eru handlagin og reyna að gera allt sjálf. Þau eru sömuleiðis umhverfisvæn og hjóla og ganga allt sem þau fara. Það er stutt í alla þjónustu í miðbænum.

Hildur og Fannar hafa ekki alltaf verið í 101 því hún er alin upp á Blönduósi en hann í Svíþjóð. „Við erum mjög ánægð í miðbænum og viljum hvergi annars staðar vera," segir Hildur og býður alla velkomna á Bjargarstíginn í dag. Það er búið að taka til í garðinum og allt tilbúið.

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.

Bætiefni ársins í Finnlandi 2012.

www.birkiaska.is




Minnistöflur

Bætir skammtímaminnið. Nýtist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel fyrir eldri borgara, lesblinda og nemendur í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.

www.birkiaska.is




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Skapið varð jafnara og hitakóf hurfu með Femarelle

Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum vegna hormónabreytinga. Rannsóknir sýna að þær slá á einkennin og geti einnig unnið gegn beinþynningu. Femarelle er til í þremur tegundum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum.

### Hvað er breytingaskeið?

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hætta henni. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

### Líður svo miklu betur!

Valgerður Kummer Erlingsdóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle og hennar saga er svona: „Það var þannig hjá mér að ég var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveiflur, jafnvel að ástæðulausu. Ég var ekki sátt við þessa þróun og fékk hormónatöflur hjá lækninum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Ég ákvað því að prófa að skipta þeim út fyrir Femarelle og mér líður svo miklu betur en áður og jafnvel betur en þegar ég notaði hormónana. Ég er svo ánægð með Femarelle að ég mæli með því við allar mínar vinkonur og ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni."



Valgerður Kummer Erlingsdóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle og telur það hafa hjálpað sér.




> Ég er svo ánægð með Femarelle að ég mæli með því við allar mínar vinkonur og ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.
>
> **Valgerður Kummer Erlingsdóttir**

### Hormónar og beinþynning

Beinþynning í tengslum við tíðahvörf leiðir í mörgum tilfellum af sér beinbrot og er það talin alvarleg ógn í vestrænum þjóðfélögum þar sem meðalaldur fer sífellt hækkandi. Fyrstu tvo áratugi ævinnar byggjum við upp beinin okkar og upp úr 30 ára aldri fer smám saman að draga úr beinþéttninni. Vegna minnkandi estrogenframleiðslu hjá konum eru þær mun útsettari fyrir beinþynningu heldur en karlar. Helsta innihaldsefnið í Femarelle kallast DT56a en þetta er efnasamband unnið úr óerfðabreyttu soya og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og eykur beinþéttni, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.

### Fyrir konur frá 30 ára aldri

Femarelle vörurnar eru fáanlegar í þremur gerðum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle getur slegið á þau einkenni sem talin eru upp hér að framan og í ljósi þess að beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast, getur inntaka á Femarelle verið ágætis forvörn fyrir einkenni breytingaskeiðsins ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu.

BetterYou™
Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð






Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

# Tónlistarhátíð sem snýst um frumleika

Tónlistarhátíð Vírdós verður haldin á Höfn um næstu helgi. Þar koma ýmsir tónlistarmenn fram, en hátíðin er tileinkuð óvenjulegum hljóðfærum sem eru smíðuð og sýnd á hátíðinni.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Tónlistarhátíðin Vírdós fer fram í þriðja sinn dagana 29.-31. ágúst næstkomandi á Höfn í Hornafirði. Auk hefðbundinna tónleika verður boðið upp á hljóðfærasmíði, hljóðfærasýningar, blúsdjamm og alls kyns óvenjulega tónlistarviðburði, meðal annars í gamalli skreiðarskemmu.

„Það verður ýmislegt í boði í ár,“ segir Vilhjálmur Magnússon, forstöðumaður Vöruhúss og Fab Lab smiðju Hornafjarðar. „Fyrir utan tónlistarviðburðina nýtum við alls konar furðuleg hljóðfæri á ýmsan hátt. Á fimmtudaginn verður líka skemmtilegur viðburður á rakarastofu hérna í bænum og þar verða haldnir litlir tónleikar á meðan það er verið að klippa fólk. Hátíðin endar svo á viðburði á stórum skemmtistað sem heitir Hafið, en þar verður Dikta aðalnúmerið.“

Hátíðin á rætur að rekja til Fab Lab hönnunarsmiðjunnar í Vöruhúsinu á Hornafirði, en þar var fyrst haldið námskeið í hljóðfærasmíði fyrir um fjórum árum. Í kjölfar þess var stofnuð hátíð utan um verkefnið.

„Í Fab Lab hönnunarsmiðjunni eru alls konar verkfæri en í sama húsi er líka aðstaða fyrir hljómsveitir til að æfa,“ segir Vilhjálmur.



Á hátíðinni eru meðal annars spilað á ýmis óhefðbundin hljóðfæri, eins og vindlakassagítara.



Hljóðfærin er misjafnlega flókin en sum eru mjög tæknileg.



Á fimmtudaginn verða haldnir litlir tónleikar á meðan verið er að klippa fólk á rakarastofu í bænum. Það verður örugglega fínt að fara í klippingu þá.



Tónlistarmaðurinn Daði Freyr smíðaði þennan LED-keytar í Fab Lab smiðjunni fyrir sjónvarpsþáttinn Verksmiðjan 2019.

„Þegar smiðjan kom upp byrjaði fólk að búa til hljóðfæri. Fyrst voru það aðallega einfaldir vindlakassagítarar en svo þróaðist þetta yfir í mjög tæknileg hljóðfæri með alls kyns skynjurum og hvað eina, þannig að þetta varð sífellt vandaðra.“

Vilhjálmur segir að þeir sem standi að hátíðinni hafi smíðað ýmis öðruvísi hljóðfæri einfaldlega til að skapa og búa til eitthvað nýtt, en tilgangurinn með hátíðinni sé að stuðla að frumleika í tónlist.

„Það er til dæmis einn gítar sem er með innbyggða hreyfiskynjara sem nema hreyfingu við hálsinn. Hljóðið breytist svo eftir því hvernig hendurnar fara yfir skynjarana. Svo er plexíglersgítar sem nemur hljóð og breytir um lit í takt við það,“ segir Vilhjálmur. „Í vetur unnum við líka með RÚV að gerð sjónvarpsþáttanna Verksmiðjan 2019, þar sem Daði Freyr smíðaði LED-keytar, sem er blanda af hljómborði og rafmagnsgítar. Þegar þú spilar á hann birtast alls konar ljós á LED-skjá.

**„Hér er líka mikil blúsmenning, því hér hefur lengi verið haldin blúshátíð. Eitthvað af gítörunum eru slædgítarar og þeir nýtast vel í blúsinn, sérstaklega vindlakassagítararnir.**

Hér er líka mikil blúsmenning, því hér hefur lengi verið haldin blúshátíð. Eitthvað af gítörunum eru slædgítarar og þeir nýtast vel í blúsinn, sérstaklega vindlakassagítararnir,“ segir Vilhjálmur. „Á hverri hátíð erum við með hljómsveitir sem spila á þessi hljóðfæri og við hvetjum líka sveitir sem koma annars staðar frá til að spila á eitthvað af þessum nýstárlegu hljóðfærum. Við viljum að minnsta kosti kynna þennan möguleika fyrir þeim.“

Vilhjálmur segir að upphaflega hafi innblásturinn að svona „heimagerðum“ hljóðfærum komið frá blústónlistarmanninum Seasick Steve, en hann sló í gegn á gamals aldri og spilar sjálfur á ýmis óhefðbundin hljóðfæri.

„Hann á haug af skemmtilegum græjum og er með einstakt sánd. Hann er mikið „idol“ hjá okkur,“ segir Vilhjálmur. „Svo býður Fab Lab smiðjan bara upp á marga skemmtilega möguleika og gerir fólki kleift að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd, sama hversu flóknar þær eru. Við höfum svo líka blandað þrívíddarprentun við vinnuna og það býður upp á skemmtilega nýja möguleika, bæði hvað varðar útlit og virkni hljóðfæranna.

Í tvö ár var boðið upp á diplómanám í stafrænni hönnun í Fab Labinu og þaðan komu tvö lokaverkefni sem voru gítarar sem gríðarlega mikið var lagt í. Þeir urðu öðrum líka innblástur,“ segir Vilhjálmur. „Þegar við sátum svo uppi með fullt af hljóðfærum var ákveðið að halda sýningu og hátíð.“



Skólinn er 30 ára
Skráðu þig núna
Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645
Break
Zumba
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir
Frístundakortið
ZUMBA fitness
Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.
DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur
Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job.is




Landsvirkjun

## Aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**
Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 2020: 13/1, 10/2, 8/3, 6/4. 4/5. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 49.500.- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175/5571155

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is






# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 16 fm herbergi með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi í Austurbænum. LAUS STRAX Frekari uppl. s: 862-7504.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLUPLÁSS.**
Afgirt plan til leigu á Höfðanum ca 1000 fm. Frekari upplýsingar í síma 894-2503

# Atvinna

## Atvinna í boði

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar vana járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 og jarnaverk@internet.is

Stýrimann vantar í 2 vikur í afleysingar á MB Friðrik Sigurðsson Á.R.17. Uppl. hjá skipstjóra í síma 694-8908.

Fyrirtæki í Reykjavík vantar smíða-og rafvirkjanema í vinnu með skóla í ýmsa viðhaldsvinnu, þurfa að vera með amk 2 ára nám og reynslu að baki. Umsóknir sendist til fbl merkt “nemi”
















# RIF RESTAURANT



**NÝR VEITINGASTAÐUR Í HJARTA HAFNARFJARÐAR**

Eitthvað fyrir alla á góðu verði, með frábæru útsýni og góðum félagsskap.



FJÖLBREYTTUR MATSEÐILL

HAPPY HOUR
ALLAN DAGINN
ALLA DAGA





BOLTINN OG GOLFIÐ
ÍBEINNI!

rifrestaurant

FJörður Verslunarmiðstöð
2.hæð | Fjarðargata 13-15
s: 578-0100




# Magnaði Mané

Gæðablóðið **Sadio Mané**, er orðinn einn af bestu framherjum heims. Fyrir utan völlinn er hann hæglátur, hefur ekki farið í sumarfrí í hartnær sjö ár og góðmennska hans hefur vakið aðdáun. Mané hefur verið magnaður með Liverpool frá því hann kom fyrir þremur árum en leið hans á toppinn var þyrnum stráð.



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Sadio Mané er ekki einhver hjálparhella fyrir Roberto Firmino og Mo Salah. Þvert á móti. Á árinu hefur Mané skorað 15 mörk í ensku deildinni. Manchester City leikmennirnir Sergio Agüero og Raheem Sterling koma þar á eftir. Þegar allar keppnir eru skoðaðar hefur Agüero skorað 21 mark en Mané 20. Þess má geta að mörk Mané hafa komið í 28 leikjum.

Séu þeir sem eru af mörgum taldir bestir í heimi í þessari stöðu skoðaðir þá hefur fýlupúkinn Neymar skorað sjö mörk á árinu og Eden Hazard níu.

Þó Firmino og Salah sé af mörgum taldir vera lykilmenn í hinum ótrúlega sóknarleik Liverpool er Salah með 12 mörk í 29 leikjum og Firmino með átta. Það er alveg hægt að halda svona áfram.

Ian Doyle, sem skrifar hvað mest um Liverpool í staðarblaðinu Liverpool Echo, sagði í vikunni í podkasti að frá því að Mané skoraði gegn Jóhanni Berg og félögum í Burnley á nýársdag 2018 hafi ferill hans með félaginu farið á flug. „Hann gæti vel unnið gullknöttinn, Ballon d'Or. Hann fær víti í úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem félagið vinnur, kemst í úrslitaleikinn í Afríkumótinu þar sem hann var einn af markahæstu mönnum, varð einn af þremur markahæstu mönnum ensku deildarinnar og hefur skorað mest á þessu ári. Hann er orðinn einn af okkar allra bestu mönnum.

Síðan hann skoraði markið gegn Burnley hefur ferill hans farið á mikið flug. Hann skoraði í úrslitaleik Meistaradeildarinnar það ár og Real Madrid vildi fá hann í kjölfarið. Hann fór þó ekki og ekki heldur í sumar. Þrátt fyrir aðeins rúmar tvær vikur í fríi er hann hungraður sem fyrr,“ sagði Doyle.

Hann benti þó á að Mané hefði ekki sama glans yfir sér og aðrir sem eru í samkeppni við hann um gullknöttinn og því ætti hann trúlega ekki möguleika á að vinna þá keppni.

### Metjöfnun

Mané var eðlilega á bekknum í fyrsta leik Liverpool gegn Norwich. Þá var hann nánast nýlentur eftir Afríkumótið. Hann byrjaði gegn Southampton og skoraði stórkostlegt mark sem kom Liverpool á bragðið. Þar með hefur Mané skorað í fjórum fyrstu byrjunarliðsleikjum sínum í deildinni í röð. Það er jöfnun á meti Ástralans Marks Viduka. Þótt hann hafi ekki fengið mikið sumarfrí þá eru gárungarnir þegar farnir að spá því að Mané geti skorað 30 mörk á þessum tímabili. Hann skoraði 26 í öllum keppnum á síðasta tímabili. Það er kannski hægt að minnast á það að Mané tekur ekki vítaspyrnur eða aukaspyrnur. Mörkin hans koma öll úr opnum leik sem er nánast ótrúlegt.

### Magnað vinnuframlag

Það er eiginlega enn ótrúlegra að það hafi verið Mané sem dró Liverpool liðið áfram gegn Southampton. Leikurinn fór fram tveimur dögum eftir að félagið lyfti ofurbikar Evrópu í Tyrklandi, í leik sem fór í framlengingu í miklum hita. Mané, eins og áður hefur komið fram, fékk nánast ekkert sumarfrí, og því var magnað að fylgjast með honum hlaupa og hlaupa og hlaupa svo meira.

1-0 forysta er ekki mikið og Mané bjó til síðara mark liðsins með því að pressa hátt með krafti sínum og leggja boltann svo silkimjúkt fyrir Firmino sem skoraði. Vinnuframlag hans er einnig magnað.

Í fyrra vann hann 34 tæklingar sem er um ein í leik. Þess má geta að Harry Maguire, dýrasti varnarmaður heims, vann 31 samkvæmt heimasíðu enska boltans. Ekki að samanburður á sóknarmanni og varnarmanni sé eitthvað gáfulegur en þetta sýnir vinnuframlags Senegalans.

### Kann ekki á Playstation

Mané er fæddur á því herrans ári 1992 í Bambali í Sedhiou-héraðinu í Senegal og dreymdi um að verða fótboltamaður. Foreldrar hans vildu þó ekki að hann sparkaði bolta eins og hann sagði sjálfur frá í viðtali við France Football. Þar sagði hann að í raun hefði hann stungið af til að fara til Dakar þar sem var verið að prófa unga leikmenn. Hann hafi komið í frekar ónýtum skóm og varla litið út eins og fótboltamaður. En þrátt fyrir útlitið voru gæði í guttanum og var hann valinn úr rúmlega 300 börnum.

„Ég er ekki á samfélagsmiðlum og held mig fjarri sviðsljósinu. Ég reyni að komast í þorpið mitt eins oft og ég get til að halda mig á jörðinni. Ég vil vera fótboltamaður en ekki stjarna. Ég kann ekki einu sinni að spila Playstation. Ég vil frekar spila Uno,“ sagði hann meðal annars.

Mané bendir á í viðtalinu að foreldrar hans hafi ekkert verið hrifnir af þessum draumi um að verða atvinnumaður í fótbolta og vildu að guttinn fyndi sér alvöru vinnu. „Ég fékk að fara aftur til Dakar þegar ég var 15 ára eftir að skólanum lauk. Foreldrar mínir samþykktu það á endanum. Þau eru trúuð og vildu aðra hluti fyrir mig en hjartað í mér sagði fótbolti. Ég fór með frænda mínum og komst í Generation Foot skólann sem hafði haft Diafra Sakho og Papiss Cissé sem nemendur. Eftir að foreldrar mínir sáu hver voru mín örlög hafa þau hjálpað mér mikið.“

### Litli demanturinn

Mané er að fjármagna skóla í heimaþorpinu sínu og gaf 200 þúsund pund til að hann gæti risið. Myndir af honum þrífa klósettið komu fáum á óvart þegar þær birtust. Eftir að hafa fjármagnað sjúkrahúsið í héraðinu og styrkt fátæka og fjölmörg góðgerðasamtök í heimalandinu er ekki nema von að hann sé kallaður litli demanturinn. Þegar breska blaðið The Telegraph ætlaði að fjalla um góðmennsku hans bað Mané um að það yrði ekki gert. „Ég er ekki að gera þetta til að vekja athygli á mér. Ekki setja þetta í blaðið.“ Það var orðið við óskum hans en staðarmiðill í Senegal sagði fyrst fréttir af styrkjum hans og þá sagði Telegraph frá sinni hlið.

Þegar hann kallaði lítinn boltastrák til sín í leiknum gegn Chelsea til að gefa guttanum treyjuna sína fékk hann heimsbyggðina til að brosa. Það var engin tilgerð í þeim gjörningi. Í fótboltaheiminum þar sem flestir eru komnir með upp í kok af fordekruðum fótboltamönnum sem eru alltof ríkir er allavega einn góður gæi eftir. Sá sem hugsar til þeirra sem minna mega sín. Sá er Sadio Mané.

## Sadio Mané

| | |
|---|---|
| Fæddur | 10. april 1992 |
| Hæð | 175 cm |
| Númer | 10 |

**Ferillinn**

| | |
|---|---|
| 2011–2012 | Metz |
| 2012–2014 | Red Bull Salzburg |
| 2014–2016 | Southampton |
| 2016– | Liverpool |

**Enska deildin**

| | |
|---|---|
| Leikir | 161 |
| Mörk | 67 |
| Sigurleikir | 92 |
| Skallamörk | 8 |
| Mörk með hægri | 41 |
| Mörk með vinstri | 18 |
| Mörk úr vítum | 0 |
| Mörk úr aukaspyrnum | 0 |
| Skot í tréverkið | 11 |
| Stoðsendingar | 23 |
| Gul spjöld | 18 |
| Rauð spjöld | 3 |

Mané með Meistaradeildarbikarinn í vor.




24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
24. ÁGÚST 2019 LAUGARDAGUR



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Ólafsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Eiðistorgi 15,
Seltjarnarnesi,

lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 22. ágúst.
Útförin auglýst síðar.

**Kristján Ingvarsson**
**Ólafur Kristjánsson**
**Matthías Kristjánsson** **Þórunn Sigurðardóttir**
**Ásdís Kristjánsdóttir** **Ragnar Arilius Sveinsson**
**og barnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þorgerður Guðrún Sigurðardóttir**
Grensásvegi 58,

lést fimmtudaginn 15. ágúst.
Útför hennar verður gerð frá Grensáskirkju mánudaginn 26. ágúst klukkan 13.

**Garðar Sverrisson** **Kristín Þórarinsdóttir**
**Ásdís Sverrisdóttir**
**Sverrir, Gerður, Birgir, Þorgerður, Helga**
**og langömmubörn.**

Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



**„Það eru algjör forréttindi að vinna í garðinum heima í frábærum félagsskap," segir Margrét.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Enginn hringdi á lögguna

**Margrét Leifsdóttir, arkitekt og heilsumarkþjálfi, er fimmtug á morgun. Heilmikið teiti var um síðustu helgi í tilefni þess og afmælis eiginmannsins sem er jafngamall.**

Þorsteinn Stefánsson, maðurinn minn, varð fimmtugur 12. ágúst og við héldum partí lífs okkar síðasta laugardag úti í garði, Matti Matt spilaði og það var dansað fram á nótt. Auðvitað röskuðum við ró nágranna en þeir tóku þessu mjög vel og enginn hringdi á lögguna. Það er svo umburðarlynt og gott fólk sem býr hér í nágrenninu. Það var dýrmætt að eiga svona stund með vinum og fjölskyldu og auðvitað ber að fagna því að verða fimmtugur, það er ekki sjálfgefið. Maðurinn minn var einmitt að ákveða að gera 50 nýja hluti á árinu, þar á meðal að fara í kalda pottinn í laugunum!"

Við Margrét sitjum einmitt í garðinum þeirra. Á aðra hönd er íbúðarhúsið sem þau hjón búa í ásamt börnum sínum þremur og á hina hönd er fyrirtækið A arkitektar /Arkibúllan í vinnustofu í garðinum. Bæði húsin eru teiknuð af afa hennar, Gísla Halldórssyni arkitekt, sem bjó hér til 93 ára aldurs. Hann teiknaði margar fagrar byggingar.

*Kom ekkert annað en arkitektúr til greina þegar Margrét valdi sér lífsstarf?*

„Jú, ég var mikið í íþróttum og var að pæla í íþróttakennara- eða sjúkraþjálfunarnámi en afi stakk upp á þessu og fyrst hann hafði trú á mér ákvað ég að prófa. Ég fór því bara beint eftir stúdentspróf til Berlínar í arkitektanám, kunni frekar lítið í þýsku og var ekki með mikinn grunn fyrir fagið. Þetta var erfitt. Ég var líka svo slæm af exemi, sem hefur fylgt mér frá barnæsku, andlegt álag hefur áhrif á það svo ég var stundum rúmliggjandi en það var ekki inni í myndinni að gefast upp. Seinni tvö árin varð allt skemmtilegra og auðveldara, þá gat ég svarað fyrir mig og þá kom líka Þorsteinn til Berlínar í verkfræðinám. Við vorum nýbyrjuð saman þegar ég fór út fyrst."

> **Ég fór í tveggja ára fjarnám í heilsumarkþjálfun við skóla í New York til að átta mig á hvað skipti mestu máli varðandi góða heilsu.**

Margrét vinnur á teiknistofunni A Arkitektar /Arkibúllan sem Hólmfríður Jónsdóttir og Hrefna Þorsteinsdóttir eiga. „Það eru algjör forréttindi að vinna í garðinum heima í frábærum félagsskap þar sem við gerum græna drykki og heilsugrauta daglega!" segir Margrét sem reyndar er með fleiri bolta á lofti en arkitektúrinn. Hún heldur einnig námskeið í breyttum og bættum lífsstíl þrisvar á ári. Næsta námskeið verður einmitt um miðjan september í Spírunni í Garðheimum. Hún kveðst hafa ákveðið að nýta exemið sér í hag, því hún verði að vanda sig við að lifa. „Ég fór í tveggja ára fjarnám í heilsumarkþjálfun við skóla í New York til að átta mig á hvað skipti mestu máli varðandi góða heilsu. Niðurstaðan er sú að auk holls mataræðis og hreyfingar er stóra málið að vera í jafnvægi og góðu sambandi við sjálfan sig og aðra."

**gun@frettabladid.is**

# Gamla bókabúðin með 10.000 heimsóknir

Aldrei í 105 ára sögu Gömlu bókabúðarinnar á Flateyri hafa jafn margir heimsótt hana á einu sumri og nú, þeir komust yfir tíu þúsund um miðja viku, að sögn Eyþórs Jóvinssonar bóksala.

Eyþór er langafabarn Jóns Eyjólfssonar, sem stofnaði verslunina ásamt bræðrum sínum árið 1914 í sama húsnæði. Hún var nýlenduvöruverslun sem þróaðist í bókaverslun en heitir enn formlega Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson. Íbúð kaupmannshjónanna er til sýnis inn af búðinni, hún hefur staðið nánast óbreytt frá árinu 1950.

Þegar Eyþór tók við rekstrinum fyrir sex árum segir hann árlegan gestafjölda hafa verið innan við tvö þúsund en vinsældirnar hafi aukist jafnt og þétt og muni þar verulega um farþega af erlendum skemmtiferðaskipum.

Á næsta ári verða liðin 100 ár frá því að verslunin fékk bóksöluleyfi og stendur til að fagna því veglega með margvíslegum viðburðum, enda virðist framtíð hennar björt. **– gun**



**Eyþór er ánægður með aðsóknina í búðina sem langafi hans og bræður stofnuðu.**



Systir okkar, mágkona og frænka,

**Ólöf Erla Árnadóttir**
(Ollý)
frá Akureyri,

lést í Stokkhólmi 6. apríl sl.
Útförin fór fram í kyrrþey.

**Systkini, makar, frændur og frænkur.**

---



Ástkær eiginkona mín, mamma,
tengdamamma, amma og vinkona,

**Guðbjörg Sigríður Samúelsdóttir**

lést í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn
20. ágúst á krabbameinsdeild
Landspítalans við Hringbraut.
Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn
30. ágúst kl. 13.00.

**Kristján Þór Þórðarson**
**Hildur Kristjánsdóttir** **Rafn Benediktsson**
**Einar Þór Kristjánsson** **Margrét Ósk Einarsdóttir**
**Selma Kristjánsdóttir** **Róbert Gíslason**
**Ína María, Salvör, Guðbjörg Ósk, Þórdís, Ólöf,**
**Eyþór, Kristján Daði, Össur og Kjartan Gauti**

---



Eiginmaður, faðir, tengdafaðir,
bróðir og afi,

**Sigfús Guðbrandsson**

lést 9. ágúst á líknardeild
Landspítalans og verður jarðsunginn
þriðjudaginn 27. ágúst klukkan 13.00
frá Fossvogskirkju.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja
minnast hans er bent á Alzheimer samtökin.

**Þórarna Jónasdóttir**
**Jón Sigfússon** **Freyja Valsdóttir**
**Bjarni Sigfússon**
**María Anna Guðbrandsdóttir**
**Jenný Ásgerður Guðbrandsdóttir**
**Vilbergur Karl Jónsson**
**Þórarna Vala Jónsdóttir**
**Valur Sigfús Jónsson**

---



Þökkum af alhug auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför okkar
ástkæra eiginmanns og föður,

**Helga Þórs Guðmundssonar**
rafeindavirkja.

Sérstakar þakkir fá þeir sem komu að
hjúkrun hans og umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Salóme Guðný Guðmundsdóttir**
**Auður Helgadóttir**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
unnusta, dóttir, systir, mágkona
og amma,

**Sigríður Pétursdóttir**
(Sísí)
Heiðarhvammi 2, Keflavík,

varð bráðkvödd á heimili sínu,
sunnudaginn 18. ágúst. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 29. ágúst kl. 13.

**Kristín Lea Sigríðardóttir** **Vigfús Þormar Gunnarsson**
**Einar Júlíusson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Pétur Guðmundsson**
**Hrefna Magnea Guðmundsdóttir Jóhannes Dungal**
**systkini og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna
fráfalls ástkærs eiginmanns, föður
okkar, tengdaföður og afa,

**Sigurðar H. Dagssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks L4 á
Landakoti fyrir góða umönnun og hjartahlýju.

**Ragnheiður Lárusdóttir**
**Bjarki Sigurðsson** **Kolbrún Franklín**
**Dagur Sigurðsson** **Ingibjörg Pálmadóttir**
**Lárus Bl. Sigurðsson** **Anna María Ragnarsdóttir**
**og afabörn.**

---



Okkar innilegustu þakkir
fyrir auðsýnda samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar okkar
ástkæra eiginmanns, föður,
tengdaföður og afa,

**Magnúsar Sigfússonar**
Kvíholti 10, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fá þeir sem komu að hjúkrun
hans og umönnun.

**Auðdís Karlsdóttir**
**Sigfús Magnússon** **Halldóra Jóhannesdóttir**
**Ísak Sigfússon**
**Gígja Sigfúsdóttir**
**Ásbjörn Jóel Sigfússon**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Jóna Jóhannesdóttir Wedholm**
Tjarnarbóli 6,

sem lést 15. ágúst,
verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju
þriðjudaginn 27. ágúst kl. 13.

**Regína Wedholm Gunnarsdóttir**
**Bjarney Wedholm Gunnarsdóttir**
**Helgi Björnsson**
**og fjölskyldur.**

---



Okkar ástkæri bróðir mágur og frændi,

**Magnús Magnússon**

lést þann 18. ágúst.
Hann verður jarðsunginn 29. ágúst
klukkan 13.00 frá Fossvogskapellu.

**Aðstandendur.**

---



Móðir okkar og tengdamóðir,

**Erna Finnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
23. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju,
fimmtudaginn 29. ágúst kl. 15.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á
minningar- og styrktarsjóð Sóltúns.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hallgrímur Geirsson** **Aðalbjörg Jakobsdóttir**
**Kristín Geirsdóttir** **Freyr Þórarinsson**
**Finnur Geirsson** **Steinunn Kristín Þorvaldsdóttir**
**Áslaug Geirsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Theodóra Smith**
Miðleiti 1,
Reykjavík,

lést miðvikudaginn 21. ágúst.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Óskar Smith Grímsson** **Þrúður Gunnlaugsdóttir**
**María Pétursdóttir**
**Anna Guðrún Pétursdóttir**
**Trausti Pétursson** **Dagmar Lúðvíksdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma, langalangamma,

**Lilja Sigurðardóttir**
frá Hrísey,

lést á Hrafnistu Reykjavík,
sunnudaginn 11. ágúst.
Útförin fer fram frá Hríseyjarkirkju
laugardaginn 31. ágúst kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hrafnistu
Reykjavík eða Hríseyjarkirkju.

**Sigurður Sigmannsson** **Magnea Henný Pétursdóttir**
**Hanna Sigmannsdóttir** **Jakob Þorsteinsson**
**Margrét Sigmannsdóttir** **Guðmundur Skarphéðinsson**
**Tryggvi Sigmannsson**
**Gísli Sigmannsson**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn**
**og fjölskyldur.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð
og hlýhug við fráfall

**Þóris Helgasonar**
læknis.

**Auður Jónsdóttir**
**Hilda Klara Þórisdóttir** **Bogi Andersen**
**Anna Sesselja Þórisdóttir**
**Helga Þórisdóttir** **Theodór Jóhannsson**

---



Þökkum auðsýnda samúð
og vinarhug við fráfall
og útför okkar ástkæra

**Baldvins Tryggvasonar**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halldóra J. Rafnar**
**Sveinbjörn I. Baldvinsson**
**Tryggvi M. Baldvinsson**

---



Þökkum samúð og hlýhug
við andlát og jarðarför

**Árna Guðmundssonar**
frá Beigalda.

**Steinunn Þórdís Árnadóttir**
**Alda Árnadóttir**
**Sesselja Árnadóttir** **Eggert Aðalsteinn Antonsson**
**Guðmundur Árnason** **Ragna Sverrisdóttir**
**Lilja Árnadóttir** **Jón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Valentyn Fedorets**
borgarverkfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi 21. ágúst.
Jarðarför fer fram frá
Rétttrúnaðarkirkjunni, mánudaginn 26. ágúst kl. 11.

**Galyna Fedorets**
**Oleksandr Fedorets**
**Iryna Khyzhnyak**
**barnabörn og ættingjar.**

---



Móðir mín, amma og langamma,

**Nanna Kristín Guðmundsdóttir**
frá Steinsstöðum á Djúpavogi,
Snorrabraut 56b,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi
laugardaginn 17. ágúst. Jarðarförin fer fram
frá Áskirkju miðvikudaginn 28. ágúst kl. 13.00.

**Elfa Ragnheiður Guðnadóttir**
**Kristinn Árnason**
**Þórður Árnason**
**Guðni Friðrik Árnason** **Þórdís Halldórsdóttir**
**Elfa Ragnheiður Guðnadóttir**
**Bryndís Rún Guðnadóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð
og hlýhug vegna andláts
og útfarar elskulegrar
eiginkonu, móður,
tengdamóður og ömmu,

**Guðbjargar Vignisdóttur**
Lautasmára 1, Kópavogi,
áður til heimilis á Akureyri
og Kópaskeri.

Fjölskyldan þakkar starfsfólki Sólvangs í Hafnarfirði
góða umönnun og einstaka hjartahlýju.

**Kristján Ármannsson**
**Sigrún Kristjánsdóttir** **Valdimar Hafsteinsson**
**Anna Pála Kristjánsdóttir**
**Eva Kristjánsdóttir**
**Hafsteinn, Kristján, Guðbjörg, Árni og Kristján Freyr**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**FLUGVISKUBIT**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist skrautlegur ritstíll. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 30. ágúst á krossgata@frettabladid.is merkt „24. ágúst“.




FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Um þegnrétt tegundanna** eftir **Hauk Má Helgason** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Greta Benjamínsdóttir, Akureyri**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**Lárétt**

**1** Raddlaus veit hvernig varast má grandið (7)
**9** Sokkur tengir vatnskassa og vél? (4)
**11** Ver lýsi Páls verönd mína? (9)
**12** Mikilmenni tæki Kína framyfir Ísland (9)
**13** Þessi smágutti er hálfgerður róni (4)
**14** Hin óþreytandi óværa hinna ýmsu faga (7)
**15** Komst þá hreyfing á búna straumana (7)
**16** Nudda hné og ökkla eins og grænjaxl (6)
**17** Kempan segir þennan kappa alveg búinn (9)
**19** Nöldrandi ránfuglar hnoða fólk (8)
**23** Lan eða lán? Árbók geymir hvort tveggja (6)
**24** Hópur mun koma inn ef innlögnin bærir á sér (9)
**27** Breyti leikherbergi í bingóbúllu (8)
**28** Skatturinn fer í flan fiska (6)
**32** Okkar snemmvaxni fræbelgur mun stríða (7)
**34** Bæta brunarústir milli gosefnaraða (8)
**35** Gerði vef um stefnu mína og margt fleira (5)
**36** Frá eru og farnar, þjónustustöðvarnar (7)
**37** Borga þessum frúm eftir taxta (10)
**39** Fann tvíeyki sem setur sjampó á allt (5)
**40** Naga haf milli jaxla (8)
**42** Smádýr smádjöfla tel ég níska (9)
**46** Rög arkar út og manar mig í ruglið (5)
**47** Þið hristist svo að tröðin fer úr skorðum (6)
**49** Gætinn vökvar garðinn til öryggis (7)
**50** Óðagotið skapar spennu (6)
**52** Flýta sér í rannsókn hjá sérfræðingi (9)
**53** Þreytt á alnetinu og finna þar aðferð til úrbóta (7)
**54** Skal steininn gera mig kollóttan (6)
**55** Létt er að ráða þau af dögum sem hleypa ríkidæmi í gegn (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Hættan er sú að stórir bjórar klárist (7)
**2** Þetta sport er mikið stundað við Ránargötu (7)
**3** Það er streð að púla, þótt björg sé (7)
**4** Þyrslingasund – þar leita ég ummerkja kínverskra lækninga (9)
**5** Hefur mig að fífli og leikur sér að því (6)
**6** Kokkuðu upp tregasöng og brenndu í bæinn (8)
**7** Róttæklingur bar á báða olnboga (8)
**8** Mun þessi óværa ná að bíta báðumegin bugtanna? (7)
**9** Sú með píanóputtana mun aðstoða (9)
**10** Hreyfing skríðandi hálfrunna milli klósetta (9)
**18** Talan var rugl, þessi mikli innsjór er að hverfa (8)
**20** Nú ríkir ástand þar sem aðalatriði er falið (9)
**21** Áhugamálin heltaka bæði menn og flugur (9)
**22** Hugur durta hnígur að ókurteisi (9)
**25** Kúra með kúm í von um krydd (7)
**26** Klára keppinn fyrir veturinn (7)
**29** Séu stóru kettirnir lasnir þarf kverkagras (9)
**30** Bæði vond og nísk við lítinn fugl (7)
**31** Net tryggja róna til fyrstu morgunskímu (12)
**33** Hönnun og smíði á bor eru boðin út í einu lagi (7)
**38** Leita siglinga án ummerkja (8)
**41** Fíla að vera skutlað, því teinið var hirt í dag (7)
**42** Er í lagi að gelda varginn? (6)
**43** Þetta snýst um það sem við töluðum um (6)
**44** Mannlaus mergð er einföld í framkvæmd (6)
**45** Rabba um regn og leita lausna (6)
**48** Svona blóðsugur eru engir guðir (5)
**50** Lóðsa villtan blaðamann um Spán (4)
**51** Hér er fersk loðna til sýnis (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | | | | 1 | |
| | 8 | 3 | | | 6 | | 5 | 9 |
| | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | | 9 | 7 | | 5 | | |
| 3 | 5 | | 6 | 2 | | 8 | | 4 |
| | 9 | 4 | | | 7 | | | 5 |
| 1 | 7 | | 3 | | | | | 6 |
| 2 | | | 4 | | 9 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | | 1 | 2 | | 3 |
| 8 | | 2 | | | | | 5 | |
| | 6 | | 5 | | | | 9 | |
| | | | | 3 | 5 | | | |
| | 8 | 1 | | 9 | | 5 | 3 | |
| | | | 7 | 8 | | | | 1 |
| 6 | | 7 | | | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | 6 | |
| | 1 | | 2 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 5 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 8 | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| 2 | | 4 | | | 3 | | 8 | |
| | | | 5 | 4 | | 9 | | 1 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | 6 | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 9 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Gligoric átti leik gegn Smejkal í Manila árið 1975.

**1. Re6+! fxe6 2. Dxg6 Df6 3. Hf3 Dxf3 4. g3 1-0.** Björn Þorfinnsson, sem tefldi fyrir Gullkistuna, sigraði á Kringluskákmóti Víkingaklúbbsins sem fram fór í fyrradag. Ólafur B. Þórsson, sem tefldi fyrir Atvinnueign.is, varð í öðru sæti. Grænlandsmót Hróksins fer fram í dag í Pakkhúsinu. **www.skak.is:** Kringluskákmótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### BLEKKISPILAMENNSKA

Margir vonlitnir samningar hafa staðið vegna áhrifamiklar “blekkispilamennsku”. Skoðum hér eitt lærdómsríkt dæmi. Suður opnar á einum spaða (getur verið 4 spil), norður segir tvö lauf (geimkrafa) og suður 2 grönd, sem norður hækkar í 3 grönd. Vestur spilar út tígulkóng.

**Norður**
♠ KG
♥ G83
♦ 862
♣ ÁD1094

**Vestur**
♠ 1063
♥ K95
♦ KD1075
♣ 72

**Austur**
♠ 9754
♥ D1072
♦ 94
♣ K53

**Suður**
♠ ÁD82
♥ Á64
♦ ÁG3
♣ G86

Sagnhafi í suður er auðvitað hræddur við hjartaskipti varnarinnar. Hann getur beitt áhrifaríkri “blekkispilamennsku” með því að gefa slaginn með gosanum! Austur gaf frávísun með níunni í tígli - sem vanalega neitar gosanum. Vestur þarf að hafa röntgengleraugu til að skipta yfir í hjarta. Áframhald í tígli gerir sagnhafa engan skaða. Ef austur á 2♦ á hann ekki tígul ef hann kemst inn á laufakóng. Ef hann á 3♦, liggur liturinn sennilega ekki verr en 4-3, og slagir varnarinnar fara ekki yfir 4. Þetta lærdómsríka spil er frá bridgehöfundinum H.W.Kelsey. Mjög margir sagnhafar myndu einfaldlega setja tígulþrist, sem myndi auka mjög líkurnar á að vestur skipti yfir í hjartað.




**ÍSAGA var stofnað 30. ágúst 1919 til að framleiða acetylengas fyrir vita landsins.**

AGA var fremst í þróun í ljóstækni fyrir vita. Af þeim sökum var AGA valið sem samstarfsaðili og hluthafi við stofnun ÍSAGA.
Fyrsti vitinn var reistur hér árið 1878 og fyrstu AGA vitarnir hér á landi voru reistir árið 1909.

## EFTIRTALDIR SAMSTARFSAÐILAR ÍSAGA ÓSKA FYRIRTÆKINU TIL HAMINGJU MEÐ 100 ÁRA AFMÆLIÐ

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON
LIVIO Reykjavík
VHE HUGVIT Í VERKI
matorka Land-based Aquaculture
marel
GASTEC • ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA •
LÆKNA STÖÐIN

## FÖSTUDAGINN 30. ÁGÚST, FRÁ KL. 15-17, VERÐUR OPIÐ HÚS HJÁ ÍSAGA AÐ BREIÐHÖFÐA 11 - ALLIR VELKOMNIR!

# Konráð og félagar á ferð og flugi 366

„Nú mala ég ykkur“ sagði Kata glottandi þegar hún sá Sudoku gáturnar. „Ég er orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi, til er ég.“ „Og ég,“ sagði Lísaloppa sem var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Kata montin. „En ég vara ykkur við,“ bætti hún við. „Ég mun mala ykkur,“ sagði hún og glotti en meir.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | | | 2 | 1 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| | | 8 | | | | | | 1 |
| 5 | | | | 8 | | | | 9 |
| | | 1 | | 2 | 9 | | | 7 |
| 3 | | 9 | | | | | | 4 |
| | 1 | 5 | | | 2 | | 8 | |
| | | | | 7 | 8 | | 4 | 2 |
| 7 | | | 4 | | 1 | | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 6 | | 5 | | 2 | | |
| | | | 2 | | | 7 | | |
| | | 5 | 7 | 3 | | 8 | | |
| 4 | 6 | | 8 | | 9 | | | |
| 3 | | 2 | 4 | | | | | |
| 8 | 5 | | | | 7 | | 2 | 1 |
| | | | 6 | | | | | |
| 6 | 2 | 7 | | 8 | 3 | | | 9 |
| | | | 1 | 9 | | | 3 | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?



## Lestrarhestur vikunnar Eyja Valgerður

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Að lesa spennandi sögur.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Elstur í bekknum – um stelpu sem heitir Eyja (eins og ég) og var að flytja (eins og ég) og er að byrja í nýjum skóla (eins og ég). Nema hún er að fara í 1. bekk en ég í leikskóla.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Rauðhetta og önnur um litla mús sem heitir Mímí.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Bækur sem eru spennandi og fyndnar.

**Í hvaða leikskóla gengur þú?** Ég var að byrja á Heiðarborg.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Leika við vinkonur mínar og að fara í sund.




Eyja Valgerður er fimm ára gömul.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.




Elvar Ari, Svanhildur, Elísabet og Emil Orri ætla að spretta úr spori í Reykjavíkurmaraþoninu í dag og safna fyrir Ljósið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ætla að hlaupa fyrir Ljósið

**Svanhildur Jóhannsdóttir, Elísabet Yrsa Viktorsdóttir, Emil Orri Vigfússon** og **Elvar Ari Viktorsson** ætla öll að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í dag.

Svanhildur og Elísabet Yrsa eru báðar tíu ára og Emil Orri og Elvar Ari átta ára. Þau setjast öll á skólabekk í Vogaskóla eftir fáeina daga. En fyrst ætla þau að spretta úr spori í Reykjavíkurmaraþoninu í dag og safna fyrir Ljósið sem er stuðningsmiðstöð fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein og fjölskyldur þeirra.

**Hvers vegna hlaupið þið fyrir Ljósið, krakkar?**

Svanhildur: Ég fer oft með mömmu í Ljósið. Mömmu líður vel þar. Þegar ég hleyp í maraþoninu þá safna ég pening fyrir Ljósið svo það geti hjálpað fleirum.

Elísabet: Til að styrkja Ljósið svo það geti hjálpað fólki sem er með krabbamein. Þar getur fólk farið í salinn að æfa sig, farið á námskeið og maður getur líka talað við einhvern ef manni líður illa.

Emil: Ég ætla að styðja Ljósið því þegar ég hleyp þá kannski gefa frænkur og frændur og vinir pening í Ljósið og þá getur Ljósið hjálpað þeim sem fá krabbamein að líða betur.

Elvar: Ég hleyp til að hreyfa mig og safna pening fyrir Ljósið því það þarf pening til að geta hjálpað þeim sem eru með krabbamein og líka fjölskyldunum þeirra. Við förum á námskeið því mamma fékk krabbamein. Við förum í leiki, gerðum skutlur og töluðum saman. Það var fínt.

„TIL AÐ STYRKJA LJÓSIÐ SVO ÞAÐ GETI HJÁLPAÐ FÓLKI SEM ER MEÐ KRABBAMEIN.“

Svanhildur

**Hafið þið æft ykkur mikið fyrir hlaupið?**

Svanhildur: Já, dálítið mikið síðustu tvær vikur.

Elísabet: Smá, en ég æfi líka fótbolta og því er ég alltaf að hlaupa.

Emil: Ég er búinn að hlaupa dálítið í Laugardalnum.

Elvar: Já, ég hef verið að æfa mig með ömmu og mömmu.


BYLGJAN
989
GARÐPARTÝ
HLJÓMSKÁLAGARÐURINN
Í KVÖLD, KL. 18:00 - 22:45
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN, GRILL OG TÓNLISTARVEISLA
ELLEN KRISTJÁNS
KATRÍN HALLDÓRA
BUBBI MORTHENS
AUÐUR
HERRA HNETUSMJÖR
NÝDÖNSK
JÓN JÓNSON
& FRIÐRIK DÓR
HJÁLMAR
Í beinni útsendingu
2
BYLGJAN 989
VÍSIR.IS
olís
Ali
nettó
Kræsingar & kostakjör
APPELSÍN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|---|
| °C | 12 | 9 | 13 |
| Vindur | 2 ↘ | 4 → | 1 ↙ |

| | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|---|
| °C | 9 | 15 | 7 |
| Vindur | 5 ↓ | 3 ↘ | 4 ↘ |

Norðan og norðvestan 5-10 í dag. Rigning með köflum um norðanvert landið, skýjað vestan til en bjartviðri suðaustanlands.Hiti 10 til 18 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík**  | 10 °C, 7 ↖ | 11 °C, 6 ↑ | 13 °C, 3 ↑ | 12 °C, 3 ↖ | 12 °C, 2 ↘ |
| **Ísafjörður**  | 8 °C, 6 ↖ | 10 °C, 2 ↙ | 3 °C, 4 ↙ | 4 °C, 3 ← | 5 °C, 4 ↙ |
| **Akureyri**  | 12 °C, 3 ↖ | 13 °C, 2 ↑ | 12 °C, 3 ↑ | 8 °C, 1 ↙ | 8 °C, 2 ↘ |
| **Egilsstaðir**  | 12 °C, 4 ↑ | 13 °C, 7 ↑ | 12 °C, 6 ↑ | 12 °C, 2 ↑ | 11 °C, 1 ↗ |
| **Kirkjubæjarklaustur**  | 10 °C, 6 ↖ | 12 °C, 6 ↑ | 12 °C, 4 ↑ | 11 °C, 5 ↖ | 11 °C, 1 ↖ |
| **Hveravellir**  | 6 °C, 8 ↑ | 8 °C, 11 ↑ | 8 °C, 7 ↑ | 8 °C, 4 ↑ | 8 °C, 2 ↙ |

1989 30 ÁRA 2019
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLAR HELGAR FRÁ KL. 11.00-17.00
KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

BANNER-UP STANDAR

Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.
XPRENT HÖNNUN OG MERKINGAR
Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum
Lesieur
isio 4
OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN
ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI
4 GRAINES
dont du LIN
Riche en
Oméga 3
VITAMINES D & E
Lesieur
isio 4
ORIGINE FRANCE*



Ástæðuna fyrir því hversu gott safn Ragnars er má rekja til þess að hann þekkti flesta listmálarana, segir Kristín G. Guðnadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ástríðufullur safnari og næmur á list síns tíma

**Í Listasafni Árnesinga er sýning á verkum sem Ragnar í Smára gaf Alþýðusambandinu árið 1961. Sýningarstjóri er Kristín G. Guðnadóttir. Í tilefni sýningarinnar kemur út vegleg bók sem sýnir öll verkin.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Gjöfin til íslenzkrar alþýðu er yfirskrift sýningar sem nú stendur yfir í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Verkin á sýningunni eru úr stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ. Sýningarstjóri er Kristín G. Guðnadóttir. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og Listasafns Árnesinga. Sýningin stendur til 15. september.

„Árið 1961 gaf Ragnar í Smára Alþýðusambandinu 120 listaverk sem urðu grundvöllur að stofnun Listasafns ASÍ. Á þessari sýningu sýnum við 50 þessara mynda,“ segir Kristín.

„Ragnar var ástríðufullur safnari og hafði ákveðnar hugmyndir um það hvernig hann vildi byggja myndlistarsafn sitt upp. Kjarninn í safninu eru verk eftir fimm listamenn: Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson, Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Scheving og Þorvald Skúlason. Ég ákvað að leggja megináherslu á að sýna verk þessara listamanna og undirstrika þannig hugmyndir Ragnars um safnið.“

Einn hluti sýningarinnar samanstendur af landslagsmálverkum, annar af portrettmyndum og sjálfsmyndum málaranna og sá þriðji af litríkum abstrakt- og fígúratífum verkum þar sem upplausn formsins og sprengikraftur litanna er áberandi.



Hér má sjá verk eftir meistara á borð við Nínu Tryggvadóttur, Valtý Pétursson, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Karl Kvaran og Hjörleif Sigurðsson. Litadýrð og alls kyns form blasa við áhorfandanum sem hlýtur að hrífast.

Verkin á sýningunni bera þess glöggan vott hversu næmur Ragnar var á list síns tíma. „Listaverkasafn Ragnars er gríðarlega sterkt en meðal verkanna eru lykilverk íslenskrar listasögu svo sem Fjallamjólk Jóhannesar Kjarvals og Einræðisherra Svavars Guðnasonar. Ástæðuna fyrir því hversu gott safn Ragnars er má rekja til þess, að hann þekkti flesta listmálarana, var fastagestur á vinnustofum þeirra og gat fylgst með tilurð verka þeirra. Hann var mjög hrifnæmur og þegar hann sá verk sem honum líkaði var hann fljótur að ákveða sig. Hann vissi alveg hvað hann vildi.“

Kristín er spurð hvaða máli þessi gjöf Ragnars hafi skipt fyrir íslenskt menningarlíf. „Ástæðan fyrir því að Ragnar gaf Alþýðusambandinu listasafn sitt er sú, að hann vildi að íslensk alþýða fengi að njóta verkanna. Með gjöfinni og stofnun Listasafns ASÍ vildi hann hrinda í framkvæmd þeirri hugsjón að mennta almenning í málaralist. Listasafn ASÍ hefur nú verið starfrækt í tæp sextíu ár og hefur með fjölbreyttri starfsemi sinni átt ríkan þátt í því að miðla myndlist til almennings. Á þessum árum hafa verið haldnar rúmlega fimm hundruð listsýningar í húsakynnum safnsins og einnig fjöldi listsýninga á vinnustöðum út um allt land. Einnig hefur safnið staðið fyrir ýmsum menningarviðburðum og gefið út sýningarskrár og bækur.“

**ÁSTÆÐUNA FYRIR ÞVÍ HVERSU GOTT SAFN RAGNARS ER MÁ REKJA TIL ÞESS AÐ HANN ÞEKKTI FLESTA LISTMÁLARANA, VAR FASTAGESTUR Á VINNUSTOFUM ÞEIRRA OG GAT FYLGST MEÐ TILURÐ VERKA ÞEIRRA.**

Í tilefni sýningarinnar kemur út vegleg bók, Gjöfin til íslenzkrar alþýðu, sem sýnir öll verkin 150 sem tilheyra stofngjöf Ragnars í Smára. Kristín er höfundur textans sem er bæði á íslensku og ensku. Hún skrifar um Ragnar í Smára, listaverkasafn hans og hina höfðinglegu stofngjöf og ritar auk þess stuttan texta við mörg verkanna.




Æskuminning um landslag

Það verður sýning á nýjum verkum sem ég kalla „Æskuminning um landslag“ á vinnustofu minni að Lyngási 7-9 laugardag og sunnudag (24. og 25. ágúst) frá klukkan 13-17. Verið velkomin.

HAUKUR DÓR VINNUSTOFA · LYNGÁSI 7-9 · GARÐABÆ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 24. ÁGÚST 2019

### Sýningar

**Hvað?** Vefnaður og skapandi þorpsmiðja
**Hvenær?** 13.00-16.00
**Hvar?** Aðalstræti 10 – elsta hús miðborgarinnar
Gestum gefst kostur á að fylgjast með vefara að störfum og einnig að prófa að vefa sjálfir undir handleiðslu. Þjóðlegt handverk af ýmsu tagi er aðalsmerki Heimilisiðnaðarfélagsins og munu félagsmenn fræða áhugasama um fjölbreytni þess.

**Hvað?** Búum til þorp!
**Hvenær?** 13.00-16.00
**Hvar?** Aðalstræti 10, Rvk
Allir sem vilja spreyta sig á húsagerð með bylgjupappa, límbandsrúllur og skæri að vopni eru velkomnir. Þegar hvert hús er fullskreytt og tilbúið geta þátttakendur stillt því upp og til verður pappaþorp. Ókeypis aðgangur!

**Hvað?** Hlæjum að list
**Hvenær?** 13.00-15.00
**Hvar?** Gerðarsafn – listasafn Kópavogs
Tónlistar – og myndlistarmaðurinn Bergur Thomas Anderson fer í leiðangur, sem ætlaður er allri fjölskyldunni, um sýninguna Útlínu og kennir aðferð þar sem hlátur er notaður. Hljóð og tónar koma einnig við sögu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Fnykur / Brot úr ilmsögu Íslands
**Hvenær?** 14.00-20.00
**Hvar?** Gallerí Fischer, Fischersundi Reykjavík
Ilmir eru eftir Fischer, tónlist eftir Kjartan Holm og texti eftir Vilborgu Bjarkadóttur.

**Hvað?** Ljósmyndasýning
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Utan við Hörpu
Í tilefni af 20 ára afmæli mun Kraftur, félag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, opna sína fyrstu ljósmyndasýningu í samstarfi við Kára Sverriss. Á sýningunni munu krabbameinsgreindir bera örin í bland við tískufatnað.

**Hvað?** The Floating World – opnun
**Hvenær?** 14.00-17.00
**Hvar?** Deiglan, Listagilinu Akureyri
Gestalistamaður Gilfélagsins í ágúst, Daniel Kyong myndlistarmaður sem vinnur skúlptúra og innsetningar sýnir afrakstur dvalar sinnar. Allir velkomnir. Daniel Kyong er myndlistamaður sem vinnur skúlptúra og innsetningar.

**Hvað?** Sýningarspjall
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
Sérfræðingar safnsins ræða við gesti um sýninguna Íslensk kjötsúpa sem setur ljósmyndarann Kristjón Haraldsson í sviðsljósið jafnframt því sem athygli er beint að verklagi, úrvinnslu og stíl í ljósmyndun. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur!

**Hvað?** Valheimur – sýningaropnun
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hverfisgallerí, Hverfisgötu 2, Reykjavík



Á Landnámssýningunni er hægt að klæða sig upp eins og víkingur.

Samsýningin Valheimur leiðir saman tvo unga listamenn, þá Matthías Rúnar Sigurðarson (1988) og Sigurð Ámundason (1986) sem báðir sækja innblástur í epískar frásagnarhefðir, furðuheima og goðsagnir.

**Hvað?** Ljósmyndasýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Nomad Studio, á horni Laugavegar og Frakkastígs – neðri hæð
Páll Stefánsson ljósmyndari opnar fyrstu sýningu þessa nýja gallerís. Sýningin heitir 1958, henni lýkur 24. september.

**Hvað?** Kaupmaðurinn á horninu
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
Sigríður Marrow opnar sýningu um hverfandi menningarheim kaupmannanna á horninu. Eftir standa örfáir einyrkjar sem með þrautseigju viðhalda þeim magnaða anda sem hverfisverslanir búa yfir. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur, léttar veitingar.

**Hvað?** Eldsmiði, víkingasjálfa og tálgaðir fuglar
**Hvenær?** 18.00-22.00
**Hvar?** Landnámssýningin, Aðalstræti 16
Á Landnámssýningunni er hægt að klæða sig upp eins og víkingur, bera vopn og skildi og smella af mynd við flottan bakgrunn. Þar er líka upplagt að taka eina skák og leysa nokkrar þrautir. Við innganginn verða eldsmiðir sem móta járn eftir gömlum aðferðum og hægt er að fylgjast með Rúnari Ástvaldssyni tálga út fugla úr íslensku birki og kaupa þá. Ókeypis aðgangur!

### Tónlist og dans

**Hvað?** Danstorg
**Hvenær?** 13.15-15.15
**Hvar?** Hagatorg
Eftir setningu Menningarnætur á Hagatorgi kl. 13 hefst þar fjölbreytt dansdagskrá með stuttum sýningum og örnámskeiði fyrir stóra sem smáa, inni í henni er tískusýning þar sem allur fatnaður er endurnýttum efnum.

**Hvað?** Sálmafoss
**Hvenær?** 15.00-21.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Sálmar verða fluttir af kórum, einsöngvurum og tónum Klaisorgelsins og gestir koma og fara að vild. Á hverjum heilum tíma sameinast allir í sálmasöng. Í suðursal kirkju verða kaffi og vöfflur til sölu í kaffihúsi Guðríðar.

**Hvað?** Rauðagerðisbrekkan 2019 – Útitónleikar
**Hvenær?** 15.00-18.00
**Hvar?** Rauðagerði 16
Fram koma fimm hljómsveitir sem allar eiga það sameiginlegt að einn eða fleiri af hljómsveitarmeðlimum búa í íbúðinni.

**Hvað?** Los Mambolitos leikur fyrir dansi
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
Hljómsveitin Los Mambolitos spilar fjöruga og seiðandi kúmbíatónlist frá Kólumbíu, jazzskotna standarda úr salsaheimum ásamt frumsömdu efni. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur!

**Hvað?** Danspartí
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Hard Rock, Lækjargötu 2 A
Ólíkir dansstílar sýndir og kenndir á einu sjóðheitu danskvöldi, m.a. zumba, bachata, jallabina og cabaret. Frítt inn!

# Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. ÁGÚST 2019

**Hvað?** Tangó praktika
**Hvenær?** 13.30-15.30
**Hvar?** Sólon Bistro, Bankastræti 7
